Fræðslumiðstöð Reykjavíkur

Nefnd um sérkennslu og sérúrræði í Reykjavík

Stefna fræðsluráðs Reykjavíkur um sérkennslu

Janúar 2002

Samantekt á markmiðum

1. **Meginleiðarljós er skóli án aðgreiningar (bls. 6).**

2. **Úthlutun fjármagns til sérkennslu í almennum skólum verði með tvennum hætti:**
   a) **Miðað við nemendafjölda í skóla vegna almennrar sérkennslu.**
   b) **Vegna einstakra nemenda með mikla þörf fyrir séraðstoð (bls. 6).**

3. **Skólar viðhafi sveigjanlega kennsluhætti til að mæta þörfum ólíkra nemenda í almennum bekkjum (bls. 8).**

4. **Sérkennsluver sé við hvern skóla (bls. 9).**

5. **Stjórnandi sérkennslu sé í hverjum skóla (bls. 10).**

6. **Stuðningsteymi (lausnateymi) fyrir kennara vegna nemenda með námserfiðleika og hegðunar- og samskiptaörðugleika starfi við hvern grunnskóla, auk nemendaverndarráðs (bls. 10).**

7. **Val á nemendum í sérkennslu fari eftir samræmdum viðmiðum og niðurstöður prófa séu nýttar markvisst við skipulag sérkennslu (bls. 11).**

8. **Nemendur í samskipta- og atferlisvanda eigi kost á atferlisþjálfun (bls. 12)**

9. **Stuðningsfulltrúar í skólum séu kennurum til stuðnings vegna fatlaðra nemenda og nemenda með miklar sérkennsluþarfir (bls. 13).**

10. **Nemendur með seinkaðan málþroska, talörðugleika og alvarlega talgalla, svo sem stam, fái þjónustu á vegum skólans eða aðkeypta þjónustu (bls. 14).**

11. **Möguleiki verði á að stofna sérhæfðar sérdeildir innan borgarhluta (bls. 14).**

12. **Samstarf við Vinnuskóla Reykjavíkur um starfstengt nám verði styrkt (bls. 15).**

13. **Samstarf verði við ÍTR um tómstundir fatlaðra nemenda og nemenda með miklar sérkennsluþarfir og við Félagsþjónustuna í Reykjavík um félagslegt stoðkerfi innan og utan skóla fyrir nemendur í félagslegum erfiðleikum (bls. 15).**

14. **Stefnt er að því að í borginni verði þrír sérskólar, einn „tvíburaskóli“ og nokkrar sérhæfðar sérdeildir, auk sjúkrahúskennslu (bls.16).**

Framkvæmd:
Þessi stefnumörkun í sérkennslu komi til framkvæmda í áföngum á árunum 2002 til 2004. Nýjar reglur um úthlutun fjármagns taki gildi fyrir alla grunnskóla Reykjavíkur frá og með hausti 2002 (bls.18).

Stefna fræðsluráðs Reykjavíkur um sérkennslu

Nefnd um sérkennslu og sérúrræði í Reykjavík:
Sigrún Magnúsdóttir, formaður
Sigrún Elsa Smáradóttir
Bryndís Þórðardóttir

Starfsmaður nefndarinnar:
Arthur Morthens

Janúar 2002

Efnisyfirlit

Inngangur 5

Stefnumörkun 6

Framkvæmd stefnu 18

Bakgrunnur stefnunnar 19

Heimildaskrá 23

Fylgiskjöl 1-10 25

Inngangur

Fræðsluráð Reykjavíkur samþykkti á fundi sínum 9. október árið 2000 að skipa þriggja manna nefnd úr fræðsluráði sem móta skyldi tillögur um sérkennslu og sérúrræði í Reykjavík í framhaldi af niðurstöðum könnunar sem kynntar voru fyrir fræðsluráð á fundi 2. október 2000. Nefndin skyldi hafa samráð við starfsmenn Fræðslumiðstöðvar, starfsmenn skóla og aðra hagsmunaaðila. Meirihluti fræðsluráðs tilnefndi Sigrúnu Magnúsdóttur, formann fræðsluráðs, og Sigrúnu Elsu Smáradóttur í nefndina en minnihlutinn tilnefndi Bryndísi Þórðardóttur. Sigrún Magnúsdóttir var formaður nefndarinnar og Arthur Morthens starfsmaður hennar. Nefndin hélt 17 fundi. Hún aflaði upplýsinga víða að, sendi drög að hugmyndum um meginþætti í stefnumörkun til nokkurra aðila til umsagnar og kallaði til sín fulltrúa skólastjóra, starfsmenn Jöfnunarsjóðs sveitarafélaga og fulltrúar umsagnaraðila.

Nefndin sendi eftirtöldum aðilum drög að hugmyndum um meginþætti í stefnumörkun í sérkennslu til umsagnar: Kennarafélagi Reykjavíkur, Félagi íslenskra sérkennara, Skólastjórafélagi Reykjavíkur, SAMFOK, Landssamtökunum Þroskahjálp og Öryrkjabandalagi Íslands. Jafnframt átti nefndin þrjá fundi með þessum aðilum haustið 2001 (sjá fylgiskjöl 2 til 6).

Að ósk nefndarinnar fór af stað vinnuhópur sem starfaði á sama tíma og hittist sex sinnum. Hann var skipaður fulltrúum skólastjóra í Reykjavík og starfsmönnum á Fræðslumiðstöð. Í hópnum voru Jón Freyr Þórarinsson skólastjóri Laugarnesskóla, Guðmundur Sighvatsson skólastjóri Austurbæjarskóla, Hildur Harðardóttir aðstoðarskólastjóri Rimaskóla, Þorsteinn Hjartarson skólastjóri Fellaskóla, Hrund Logadóttir kennsluráðgjafi, Hákon Sigursteinsson deildarstjóri sálfræðideildar, Friðrik Friðjónsson frá fjármálasviði og Arthur Morthens forstöðumaður þjónustusviðs, sem stýrði starfi þessa hóps. Hópurinn fjallaði um skipulag og framtíð sérkennslu í Reykjavík og vann í nánu samstarfi við nefndina (sjá fylgiskjal 1). Þrír stjórnendur á þjónustusviði Fræðslumiðstöðvar áttu fundi með skólastjórum í öllum borgarhlutum í febrúar 2001 þar sem fjallað var um skipulag og framtíð sérkennslunnar.

Nefndin vann innan ramma grunnskólalaga, reglugerðar um sérkennslu, aðalnámskrár og Salamanca yfirlýsingar Sameinuðu þjóðanna um skóla án aðgreiningar. Stefnan tók mið af niðurstöðum ítarlegrar rannsóknar á sérkennslu í Reykjavík og reynslu annarra landa í þessum málum. Þar má einkum nefna New Brunswick í Kanada og Noreg sem þekkt eru fyrir útfærslu sína á sérstuðningi við nemendur. Loks má geta þess að nefndin fór yfir kafla um sérkennslu í grunnskólum í skýrslu umboðsmanns barna fyrir árið 2000 þar sem sagt er frá erindum sem borist hafa umboðsmanni með kvörtunum um framkvæmd sérkennslu. Einnig kynnti hún sér stefnuskrá Landssamtakanna Þroskahjálpar um menntun.

Meginmarkmið þeirrar stefnumörkunar sem hér birtist er að stuðla að sem bestri þjónustu við nemendur með sérþarfir í grunnskólum Reykjavíkur, uppfylla markmið laga og aðalnámskrár um kennslu í samræmi við eðli og þarfir nemenda og að nýta fjármagn til sérkennslu sem best.

Þær hugmyndir sem hér eru lagðar fram eru afrakstur af starfi nefndarinnar og samstarfi hennar við fjölmargra aðila, og er þar af leiðandi málamiðlun milli ólíkra sjónarmiða, auk þess sem bakgrunnur þessararar vinnu liggur víða (sjá lokakafla um bakgrunn stefnunnar). Þetta eru leiðarljós og hugmyndabanki sem skólarnir vinna úr.

Þessi stefnumörkun var samþykkt í fræðsluráði Reykjavíkur 22. október 2001.

Stefnumörkun

Hér er kynnt í 14 liðum stefnumörkun nefndar um sérkennslu og sérúrræði í Reykjavík sem fræðsluráð Reykjavíkur hefur samþykkt.

1. Meginleiðarljós er skóli án aðgreiningar.

- Meginleiðarljós þessarar stefnu er skóli án aðgreiningar, þ.e. skóli með þjónustu fyrir alla nemendur sína bæði fatlaða og ófatlaða.
- Hver skóli sé fær um að sinna öllum nemendum sínum, svo sem kostur er, og taka á sérkennsluþörfum og erfiðleikum sem upp kunna að koma í skólanum.
- Þó er gert ráð fyrir að um 1% nemenda stundi nám í sérskólum og sérhæfðum sérdeildum[1] (sjá liði 11 og 14).
- Foreldrar eigi rétt á að velja á milli sérskóla, sérhæfðrar sérdeildar og almenns skóla fyrir börn sín.

Greinargerð:
Jafnrétti til náms eru almenn mannréttindi og það er hlutverk grunnskóla Reykjavíkur að stuðla að alhliða þroska og menntun allra nemenda á grunnskólaaldri. Réttur fatlaðra barna og nemenda með miklar sérkennsluþarfir til skólagöngu í heimaskóla er áréttaður í grunnskólalögum, aðalnámskrá grunnskóla og alþjólegum yfirlýsingum og sáttmálum sem Íslendingar eru aðilar að.

Læknavísindum fleygir fram og æ fleiri börn lifa af erfiða fæðingu og alvarleg veikindi. Mikið fjölfötluð og þroskahömluð börn þurfa á mjög sérhæfðri þjónusta að halda þar sem bæði skóla-, heilbrigðis- og félagsmálayfirvöld þurfa að taka höndum saman um öfluga þjónustu. Því er álitið rétt að viðhalda sérskólum fyrir fámennan hóp nemenda, þar sem hægt er að veita góða og sérhæfða þjónustu með sérmenntuðu starfsfólki.

Gert er ráð fyrir að skólastjórnendur í borgarhlutum geti ákveðið að stofna sérhæfðar sérdeildir í hverjum borgarhluta, sbr.11 lið.

Sérskólar og sérhæfðar sérdeildir gætu þjónað allt að 1% nemenda í grunnskólum Reykjavíkur. Foreldrar hafi val um það úrræði sem þeir velja barni sínu.

2. Úthlutun fjármagns til sérkennslu í almennum skólum verði með tvennum hætti:

a) Skóli fái úthlutað fjármagni vegna nemenda með almenna og sértæka námserfiðleika, svo sem í lestri, íslensku og stærðfræði, hegðunarerfiðleika, röskun á hreyfifærni og mál- og talörðugleika. Útdeiling fjármagns tekur annars vegar mið af nemendafjölda í skóla og hins vegar félagslegum aðstæðum í hverfi þar sem við á (10-12% allra nemenda).

1 Nú stunda rúmlega 1% grunnskólanemenda í Reykjavík nám í sérskólum og sérhæfðum sérdeildum (deildir einhverfra, blindra og hreyfihamlaðra. Sjá bls. 36 til 38 í: Anna Ingeborg Pétursdóttir, Anna Kristín Sigurðardóttir, Arthur Mortens, Auður Hrólfsdóttir, Eyrún Ísfold Gísladóttir, Gerður G. Óskarsdóttir, Guðbjörg Andrea Jónsdóttir og Guðný Bergþóra Tryggvadóttir (2000). *Sérkennsla í grunnskólum Reykjavíkur: Könnun á fjölda nemenda, ástæðum og framkvæmd.* Reykjavík: Fræðslumiðstöð Reykjavíkur.

b) Úthlutað verði fjármagni vegna mikið fatlaðra nemenda, þar með taldir fjölfatlaðir nemendur og nemendur með alvarlega samskipta- og hegðunarörðugleika eða geðraskanir, út frá greiningu einstaklinga og verði kostnaðarviðmið svipað og Jöfnunarsjóður sveitarfélaga hefur (sjá fylgiskjal 8). Skólarnir beri ábyrgð á útfærslu þjónustunnar (um 3% allra nemenda).[2]

Skólastjóri hvers skóla ber ábyrgð á því hvernig úthlutun til sérkennslu er nýtt fyrir nemendur.

Úthlutun til sérskóla (um 1% allra nemenda):

c) Sérskólar fá sérstakt fjármagn vegna uppbyggingar sérfræðiþekkingar í skólanum, ráðgjafar til skólans frá öðrum stofnunum og ráðgjafar skólans við almenna skóla.

d) Úthlutun vegna einstakra nemenda, sbr. b-lið hér að framan.

Greinargerð:

Í fjárhagsáætlun fræðslumála 2001 var áætlað að verja um 900 miljónum kr. til sérkennslu (eru tæplega 1,1 milljarður kr. með launahækkunum). Þar af var tæplega 50% varið til sérskóla og sérhæfðra sérdeilda og rúmlega 50% til sérkennslu í almennum grunnskólum. Sambærileg tala fyrir árið 2002 í fjárhagsáætlun er um 1,2 milljarðar kr. Framlög til sérkennslu hafa þannig aukist um u.þ.b. 100 milljónir kr. milli ára.[3]

Um 420 miljónir kr. fóru til 170 fatlaðra nemenda í sérskólum og sérhæfðum sérdeildum á árinu 2001. Foreldrar fatlaðra barna óska í æ ríkara mæli eftir því að börn þeirra fái kennslu innan almenna grunnskólans.

Af þeim 480 miljónum kr. sem varið var til almennrar sérkennslu í grunnskólum í fjárhagsáætlun 2001 var um helmingi fjármagnsins varið til að mæta nemendum með miklar fatlanir og miklar sérkennsluþarfir og nemendum í félagslega þungum hverfum.

Með þeim breytingum sem hér eru áætlaðar verður gjörbreyting á þeirri hugsun sem liggur að baki við skiptingu fjármagns til sérkennslu og sérúrræða. Meginbreytingin er sú að fatlaðir nemendur og nemendur með miklar sérkennsluþarfir fá nú sérstaka úthlutun út frá greiningu og fylgir þessi upphæð þeim hvar sem þeir stunda nám, hvort sem það er í almennum bekk í almennum skóla, sérdeild innan hverfisskóla síns, sérhæfðri sérdeild í borgarhluta eða sérskóla.[4] Í lok árs 2001 er áætlað að fjöldi þessara nemenda sé á fjórða hundrað, fyrir utan um 150 nemendur í sérskólum.

Fé sem er úthlutað beint til skóla tekur að mestu leyti mið af heildarnemendafjölda í skóla og var skólaárið 2001-2002 miðað við 0,145 kennslustundir á nemanda á viku.

Í nokkrum hverfum í Reykjavík eru meiri félagsleg vandamál en í öðrum. Þar eru fleiri barnaverndarmál og meiri félagsleg aðstoð. Rétt þykir að taka tillit til þessa við

---

2 Vakin er athygli á því að heildarfjárframlög til skóla taka mið af nemendafjölda í skólanum. Þar við bætist fjármagn til sérkennslu sem einnig miðast við nemendafjölda í skólanum (a-liður í markmiði 2). Sérstök fjárveiting vegna nemenda með miklar sérkennsluþarfir bætist við þessi tvenns konar framlög.

3 Ekki taldi með liðir, svo sem nýbúafræðsla, akstur fatlaðra nemenda, hluti af stjórnunarkvóta og hluti af forföllum vegna sérkennslu.

4 Hér er m.a. byggt á reynslu frá Noregi, Bretlandi og New Brunswick í Kanada (sjá kafla um bakgrunn stefnunnar).

úthlutun fjármagns til sérkennslu og sérúrræða til skóla sem miðast við nemendafjölda þar sem vandi skólanna í þessum hverfum er meiri en annars staðar. Við ákvörðun um slíka úthlutun verði byggt á upplýsingum frá Félagsþjónustunni í Reykjavík um fjölda barnaverndarmála og fjölda þeirra sem þiggja félagslega aðstoð í viðkomandi skólahverfi.

3. Skólar viðhafi sveigjanlega kennsluhætti til að mæta þörfum ólíkra nemenda í almennum bekkjum.

- Sveigjanlegum og fjölbreyttum náms- og kennsluháttum verði beitt til að skólinn mæti sem best þörfum allra nemenda inni í bekk. Þannig er stuðlað að því að færri nemendur þurfi sérkennslu.
- Tveggja kennara kerfi, þ.e. þegar tveir kennarar vinna saman með nemendahóp, sé viðhaft í meira mæli en nú er.
- Dregið verði úr því að nemendur séu teknir út úr bekk/námshópi í sérkennslu.
- Ólíkir nemendur séu að öllu jöfnu saman í bekk eða námshópi.
- Nemendahópur fáist við sama viðfangsefni en nemendur innan hans fái mismunandi verkefni eftir stöðu þeirra í námi hverju sinni.
- Gerð sé einstaklingsnámskrá fyrir nemendur í námsvanda (sbr. reglugerð um sérkennslu).
- Kennarar vinni saman með nokkra umsjónarhópa, jafnvel þvert á árganga.

Greinargerð:
Samkvæmt grunnskólalögum og aðalnámskrá grunnskóla er hverjum skóla ætlað að laga kennsluna að öllum nemendum sínum. Kennaranum er ætlað það veigamikla verkefni að aðlaga kennslu sína að nemendahópnum og þarf því að beita mismunandi kennsluaðferðum og vera með mismunandi viðfangsefni fyrir nemendur sína. Hann þarf að vera fær um að skipta nemendum í mismunandi hópa og gæta þess að þeir fái verkefni og leiðsögn sem glæðir áhuga þeirra og styrkir þá í námi. Eftir því sem sveigjanleiki í kennsluháttum er meiri, minnkar þörf fyrir sérkennslu. Þannig er unnt að draga verulega úr sérkennsluþörf með sveigjanlegum kennsluháttum og kennsluaðlögun í bekk.

Vegna þess sem að framan greinir er mikilvægt að sérkennsla sé tengd almennri kennslu nánar en nú er. Samstarf bekkjarkennara og sérkennara og ráðgjöf til bekkjarkennara er því mikilvæg í endurskipulagningu á sérkennslu (sjá liði 5 og 6). Koma má á tveggja kennara kerfi innan bekkja í ríkara mæli en nú er í grunnskólum Reykjavíkur.[5] Þetta á einkum við um yngstu bekki grunnskólans. Tveggja kennara kerfi miðar að því að draga úr þeirri tilhneigingu að taka nemendur út úr bekk í sérkennslu, jafnframt því sem áhersla á yngri bekki fyrirbyggir frekari námsvanda síðar. Tveggja kennara kerfi er einnig ætlað að draga úr þeirri tilhneigingu að sérkennarinn einangrist í starfi.

Þar sem hér er verið að feta sig inn á nýjar slóðir í skipulagningu sérkennslu er mikilvægt að byggð sé upp gagnkvæm ráðgjöf kennara innan skólanna, auk þess sem

5 Guðmundur Ingi Hauksson, Gunnar Ármannsson, Jónína A. Sanders, Ómar Sigurðsson, Sigríður Logadóttir og Sigrún Elsa Smáradóttir [2001]. *Er hægt að nýta fjármagn til sérkennslu í grunnskólum Reykjavíkur með betri hætti en nú er gert?* Óbirt hópverkefni í MBA-námi við Háskóla Íslands (Niðurstöður höfunda eru að fjármagni til sékennslu sé betur varið með því að hætta almennri sérkennslu í núverandi mynd og taka í þess stað upp stuðningskennslu í öðrum hverjum tíma í íslensku og stærðfræði þar sem tveir kennarar kenni saman og þá annar þeim sem þurfa sérstakan stuðning).

skólar komi sér upp stuðningsteymum, sbr. lið 6 hér á eftir. Einnig mun Fræðslumiðstöð sinna ráðgjöf við skóla sem þess óska um þessar breytingar á kennsluháttum.

Í rannsókn á sérkennslu í Reykjavík kom fram að um 20% nemenda í borginni fengu sérkennslu eða voru í sérúrræði. Hér er gengið út frá að breytingar á kennsluháttum dragi úr þörf á sérkennslu og þetta hlutfall lækki. Á öðrum Norðurlöndum er þetta hlutfall um 15% og er ekki óeðlilegt að hlutfallið sé svipað hér.

4. Sérkennsluver sé við hvern skóla.

- Sérkennsluver eða sérkennslumiðstöð er miðlæg þjónusta í skóla vegna nemenda með ýmiss konar náms- og hegðunarvanda.
- Í verinu er í megindráttum þrenns konar þjónusta: a) Ráðgjöf og stuðningur fyrir kennara (sjá lið 6 um stuðningsteymi); b) Sérkennsla fyrir nemendur sem þurfa tímabundna aðstoð í íslensku og stærðfræði utan bekkjar, samkvæmt mati; c) Sérkennsla fyrir nemendur sem þurfa kennslu að stórum hluta utan bekkjar, samkvæmt mati.
- Í verinu sé safn skólans af sérhæfðum kennslugögnum í sérkennslu.
- Sérkennsluver getur verið staðsett á einum eða fleiri stöðum í skólahúsnæðinu.
- Stjórnandi sérkennslu í viðkomandi skóla stýrir starfi sérkennsluvers.
- Almennar sérdeildir í núverandi mynd verði lagðar niður í áföngum og verði þjónusta sem þær veita nú liður í starfi sérkennsluvers.
- Búnaður fyrir fatlaða verði byggður upp, svo sem tölvubúnaður og sérhönnuð húsgögn. Jafnframt sé hugað að rými í stofum og aðgengi utan húss og innan.

Greinargerð:

Þótt meginstefnan sé að nemendur fái alla sína kennslu innan bekkjar eða almenns námshóps, þar sem ýmist er einn eða fleiri kennarar, verður ekki fram hjá því litið að vandi sumra nemenda er þess eðlis að þeir þurfa rólegra umhverfi til að geta einbeitt sér.

Sérkennsluveri er ætlað að vera þungamiðja í sérkennslu skólans eins og reyndin er nú í allnokkrum skólum í Reykjavík. Í skólanámskrá skal greint frá helstu markmiðum sérkennsluvers skólans og starfsháttum.

Þjónusta versins er þríþætt:

Í fyrsta lagi veita starfsmenn í sérkennsluveri kennurum ráðgjöf og tilsögn í skipulagningu sveigjanlegra kennsluhátta, þ.m.t. tveggja kennara kerfi, þar sem kennslan er löguð að nemendum með námsörðugleika. Stuðningsteymi vegna nemenda með náms-, hegðunar- og samskiptaörðugleika fellur undir sérkennsluver (sjá lið 6 um stuðningsteymi).

Í öðru lagi þjónar sérkennsluverið nemendum sem þurfa sérkennslu og stuðning í skamman tíma, ýmist einstakar kennslustundir eða jafnvel nokkra daga eða vikur. Hér er t.d. átt við nemendur sem þurfa styttri námskeið í lestri, íslensku, málörvun og stærðfræði og koma í sérkennsluverið, gjarnan ásamt kennara sínum.

Í þriðja lagi verði í sérkennsluveri aðstaða fyrir nemendur sem stunda nám sitt þar að miklu leyti vegna erfiðleika í námi eða vegna samskipta- og hegðunarerfiðleika. Þessir nemendur tilheyra þó bekk og fylgja honum í ákveðnum námsgreinum, svo sem listum, verklegum greinum og íþróttum. Þannig er sérkennsluverum í hverjum skóla ætlað að koma í stað þeirra almennu sérdeilda (alls 18 að tölu) sem nú starfa í um helmingi grunnskóla borgarinnar.

5. Stjórnandi sérkennslu sé í hverjum skóla.

- Stjórnandi sérkennslu sinnir fyrst og fremst skipulagi sérkennslu og ráðgjöf við bekkjarkennara. Hann situr í stuðningsteymi skólans.
- Hlutverk hans er: a) Að skipuleggja og hafa umsjón með allri séraðstoð innan skólans vegna nemenda í náms- og hegðunarvanda. b) Að aðstoða bekkjarkennara við að leysa vanda nemenda í náms- og hegðunarerfiðleikum og er þá nokkurs konar aðferða- og úrræðakennari.

Greinargerð:
Stjórnandi sérkennslu er gjarnan menntaður sérkennari eða reyndur og vel menntaður kennari sem nýtur trausts í kennarahópnum. Hann er í raun nokkurs konar aðferða- og úrræðakennari (sbr. fyrirkomulag í New Brunswick[6]), auk þess að vera stjórnandi. Bekkjarkennari ræðir við hann, á við hann samstarf og sækir til hans ráð. Í fyrsta lagi leiðbeinir hann kennurum um margbreytilegar kennsluaðferðir, hefur samráð og samvinnu við bekkjarkennara, foreldra, sérfræðinga og stofnanir til þess að stuðla að árangursríkri blöndun nemenda með sérþarfir í almenna bekki. Honum er ekki ætlað að taka erfið mál yfir, þvert á móti er hann samherji sem vinnur með bekkjarkennara sem ber ábyrgð á kennslu nemenda sinna. Í öðru lagi sinnir stjórnandi sérkennslu, eftir atvikum, litlum hópum innan eða utan bekkjar eða kennir almennum bekk á meðan bekkjarkennari vinnur með nemanda eða nemendum með sérþarfir (t.d. til að kynnast þeim og eiga auðveldara með að miða kennslu sína við þá). Í þriðja lagi hjálpar hann bekkjarkennara við að koma á og beita mismunandi skipulagi eftir þörfum.

Námsráðgjafi og hjúkrunarfræðingur geta einnig aðstoðað kennara, einkum vegna nemenda með hegðunar- og félagslegan vanda, og unnið með hópa nemenda.

Stjórnandi sérkennslu er einn af stjórnendum skólans (t.d. deildarstjóri). Fjármögnun starfsins getur hvort sem er komið af stjórnunar- eða sérkennslukvóta skólans. Einnig er unnt að nýta verkstjórnarhluta kjarasamnings kennara (9,14 klst.).

6. Stuðningsteymi (lausnateymi) fyrir kennara vegna nemenda með námserfiðleika og hegðunar- og samskiptaörðugleika starfi við hvern grunnskóla, auk nemendaverndarráðs.

- Í hverjum skóla starfi stuðningsteymi fyrir kennara vegna nemenda með námserfiðleika og hegðunar- og samskiptaörðugleika.
- Teymið skipa stjórnandi sérkennslu, sem stýrir því, og reyndir kennarar. Einnig geta námsráðgjafi, skólastjórnandi (skólastjóri eða aðstoðarskólastjóri), sálfræðingur og stuðningsfulltrúi setið fundina ef við á og stundum foreldrar.
- Hlutverk teymisins er að veita kennurum ráðgjöf vegna námserfiðleika og samskipta- og hegðunarerfiðleika nemenda sem upp kunna að koma í kennslu (sjá ferli hér á eftir). Unnið er að slíkum málum í samráði við foreldra.
- Nemendaverndarráð fjallar um mál nemenda sem fullreynt er að bekkjarkennari getur ekki leyst einn sér eða með aðstoð stuðningsteymis. Í ráðinu sitja að öllu jöfnu skólastjórnandi, sérkennari, sálfræðingur,

6 Sjá: Elín G. Ólafsdóttir (2000). *Aðgát skal höfð í nærveru sálar. Skóli án aðgreiningar í New Brunswick, Kanada. Námsferð skólastjóra, fulltrúa fræðsluráðs og Fræðslumiðstöðvar Reykjavíkur til New Brunswick, Kanada, 10.-17. apríl árið 2000.* Reykjavík: Fræðslumiðstöð Reykjavíkur.

námsráðgjafi og hjúkrunarfræðingur. Ráðið fjallar um möguleg úrræði í máli viðkomandi nemanda, gerir tillögur um næstu skref og felur ákveðnum aðila innan nemendaverndarráðs að fylgja málinu eftir (sbr. grunnskólalög, 39. gr. og reglugerð um nemendaverndarráð í grunnskólum).
- Málum er ekki vísað út fyrir skólann fyrr en fullreynt er að tillögur stuðningsteymis og nemendaverndarráðs hafi ekki komið að gagni og sérfræðingar skólans (þ.m.t. sálfræðingur skólans) hafi fullreynt úrræði sín (sjá fylgiskjal 10).

Greinargerð:
Með stuðningsteymi er átt við hóp kennara og annarra starfsmanna sem styðja hverjir aðra með því að koma með tillögur að lausn á tilteknu máli. Teymið er bekkjarkennurum til aðstoðar vegna nemenda með sérþarfir, stuðlar að andrúmslofti samvinnu í skólanum og dregur úr þörf á sérfræðiaðstoð utan frá. Teymið hittist t.d. vikulega, í svo sem 30 mínútur í senn til að fjalla um möguleika kennara vegna mála sem upp koma.

Ferli teymisvinnunnar getur verið með eftirfarandi hætti:[7] [8]
- Kennari fer með mál nemanda til teymisins til að fá ráð og aðstoð. Foreldri getur einnig leitað til teymisins.
- Kennari gerir grein fyrir málinu (leggur gjarnan fram útfyllt eyðublað með bakgrunnsupplýsingum ásamt lýsingu á því sem hann ætlast til að nemandi geri en hann sinnir ekki).
- Teymið metur þarfir nemandans með hliðsjón af margvíslegum upplýsingum um hann, einkum með því að spyrja kennarann spurninga um nemandann (gjarnan útfyllt eyðublað frá kennara með sterkum og veikum hliðum nemanda).
- Þeir sem skipa teymið vinna síðan saman til að finna leiðir sem koma til móts við þarfir nemanda, allir viðstaddir taka þátt (mestur hluti þessara 30 mínútna sem fer í fundinn).
- Gert er óformlegt eða formlegt mat á færni nemanda, ef ástæða er talin til (á eyðublaði frá kennara um það sem þegar hefur verið reynt).
- Kennarinn velur vænlegustu leiðina úr þeim hugmyndum sem fram komu á fundinum og ber ábyrgð á að gera kennsluáætlun fyrir nemandann í framhaldi, gjarnan í samvinnu við stjórnanda sérkennslu (skráð).
- Komist að niðurstöðu.
- Teymi kemur saman aftur, ef þörf krefur, til að fylgja málinu eftir (áætlun á eyðublaði).

7. Val á nemendum í sérkennslu fari eftir samræmdum viðmiðum og niðurstöður prófa séu nýttar markvisst við skipulag sérkennslu.
- Velja þarf mismunandi lestrarpróf sem unnt er að nýta við mat á lestrargetu mismunandi árganga.
- Sömuleiðis þarf að finna stafsetningar- og stærðfræðipróf til að nýta í sama tilgangi.

7 Byggt á umfjöllun í: *Aðgát skal höfð í nærveru sálar.*
8 Nákvæm lýsing á starfi teymis sem þessa eftir Porter, Wilson, Kelly og Otter var þýdd í Breiðholtsskóla og ber þýðingin heitið „Lausnateymi, 30 mínútna samstarfsverkefni. “

- Ákveða þarf við hvaða útkomu á einstökum prófum skuli miða þegar ákveðið er að nemendur fái sérkennslu. Slík viðmið séu í stöðugri þróun.
- Niðurstöður greinandi prófa[9] sem lögð eru fyrir í 1. bekk séu notuð markvisst við skipulagningu lestrarkennslu, sem fyrirbyggjandi aðgerð.
- Algengast er að nemendur hafi náð það góðum tökum á lestri í 3. bekk að þeir geti lesið sér til gagns. Þeir nemendur sem ekki ná þeim árangri fái stuðning í lestri þar til lestrarfærni er náð. Lögð sé áhersla á að beita þeim aðferðum sem reynst hafa vel í þessum efnum.
- Útkoma á samræmdum prófum í íslensku og stærðfræði sé einnig notuð sem viðmið eftir 4. bekk (þegar fyrsta samræmda prófið er lagt fyrir).
- Sálfræðingar leggja greinandi próf[10] fyrir seinfæra nemendur, nemendur með þroskafrávik og nemendur sem fram kemur að eigi í einhvers konar náms-, félags- eða hegðunarörðugleikum samkvæmt öðru mati. Niðurstöður séu nýttar sem grunnur að áætlunum að sérkennslu.
- Í sumum tilfellum leggja námsráðgjafar skóla fyrir tengslapróf og aðrar kannanir til að meta t.d. samskiptafærni nemenda og skipuleggja viðbrögð við vanda í þeim efnum.

Greinargerð:
Athygli vekur að í könnun Fræðslumiðstöðvar á sérkennslu í grunnskólum Reykjavíkur kemur fram að viðmið um hvaða nemendur þurfa á sérkennslu að halda eru mjög óljós. Talið er mikilvægt að skerpa þessi viðmið og að rökstutt mat á stöðu nemenda liggi fyrir áður en nemandi fer í sérkennslu innan eða utan bekkjar. Mikilvægt er að kennarar séu sér meðvitaðir um með hvaða hætti er skynsamlegast að skipta nemendum í hópa og hvaða námsefni og kennsluaðferðir sé best að nota fyrir einstaka nemendur.

Við könnunarpróf í 1. bekk kemur oftast í ljós hvaða nemendur þurfa á sérstakri aðstoð að halda. Mikilvægt er að stuðningur við nemendur hefjist sem fyrst og áhersla sé lögð á fyrirbyggjandi starf, kennslu og þjálfun. Eðlilegt er að þeir nemendur sem mesta þörf hafa fyrir sérkennslu hafi forgang. Finna þarf viðmið til að nota við val á nemendum í sérkennslu í lestri eftir að könnunarpróf í lestri hafa verið lögð fyrir, t.d. í 2. bekk, og síðan fram eftir skólagöngunni.

Fræðslumiðstöð þrói viðmið í samvinnu við skólana.

8. Nemendur í samskipta- og atferlisvanda eigi kost á atferlisþjálfun.

- Greint sé milli þjónustu annars vegar við nemendur með námslegan vanda og hins vegar nemendur með félagslegan og hegðunarlegan vanda, svo sem unnt er.
- Jafnframt verði greint á milli ráðgjafar vegna þessara tveggja hópa.
- Nemendur með atferlisvanda eigi kost á atferlisþjálfun.
- Í hverjum skóla sé kennari sem sótt hefur ítarlegt námskeið í atferlisþjálfun.
- Samið verði við kennaramenntunarstofnun um að halda slík námskeið.
- Komið verði upp ráðgjöf um atferlisþjálfun innan borgarhlutanna.
- Ofvirkir nemendur með námsvanda fái stuðning vegna beggja þátta.

9 Hér er t.d. átt við Tove Krogh prófið, Boehm prófið, hreyfiþroskapróf og „Læsi“ sem er lestrarskimun fyrri yngstu bekkina.

10 Hér má nefna WISC-III, MAT, hegðunarmatskvarða Achenbachs (CBCL, TRF, YSR), þunglyndiskvarða og tengslakannanir (PCRI o.fl.).

Greinargerð:
Í rannsókn á sérkennslu í Reykjavík kom fram að nemendur í ýmiss konar samskipta- og atferlisvanda voru gjarnan teknir út úr tímum og fengu sérkennslu í lestri og stærðfræði, jafnvel þótt þeir stæðu vel í þessum greinum. Hér er um að ræða nemendur sem eiga í margvíslegum samskipta- og hegðunarvanda vegna félagslegra, sálfræðilegra og/eða líffræðilegra orsaka. Þessir nemendur þurfa á þjálfun í félagslegri færni og samskiptum að halda. Í sumum tilvikum er um samsettan náms- og samskiptavanda að ræða og þá þarf nemandinn stuðning á báðum sviðum. Ofvirkir nemendur með einbeitingarskort og sértæka námsörðugleika þurfa oft kennslu í rólegu umhverfi þar sem ytri áreiti eru fá og þeir eiga meiri möguleika á að einbeita sér án truflunar.

Mikilvægt er að nemandi með samskipta- og hegðunarörðugleika fái þjálfun í samskiptum og læri að stýra hegðun sinni þannig að hann sé færari um að koma á eðlilegum samskiptum við skólafélaga sína og starfsfólk skóla. Því þarf að byggja upp menntunartilboð fyrir kennara í atferlisþjálfun og atferlisráðgjöf. Mikilvægt er að kennarar fái slíka þjálfun, jafnframt því sem þeir geta leitað til atferlisráðgjafa vegna samskipta- og hegðunarerfiðleika nemenda. Nauðsynlegt er að skólinn geti skilið milli þarfa nemenda með námsvanda annars vegar og hegðunarvanda hins vegar. Kennari í sálfræði við Háskóla Íslands hefur tekið að sér að halda utan um námskeið fyrir kennara á þessu sviði og hefst fyrsta námskeiðið um stjórnun á hegðunarvanda í byrjun árs 2002.

9. Stuðningsfulltrúar í skólum séu kennurum til stuðnings vegna fatlaðra nemenda og nemenda með miklar sérkennsluþarfir.

- Stuðningsfulltrúar aðstoða kennara í bekkjarstofu og annars staðar í skólanum, auk þess sem þeir fylgja nemanda um skólann eftir þörfum.
- Þeir starfa undir umsjón bekkjarkennara, yfirmanns sérkennslu eða skólastjóra eftir ákvörðun hverju sinni.
- Þeir styðja einstaklinga og hópa nemenda, taka til námsefni og önnur kennslugögn, halda skrár o.fl. til að auðvelda kennara að ná markmiðum kennslunnar.

Greinargerð:
Stuðningsfulltrúar eru hluti af stuðningskerfi skóla við nemendur með sérþarfir vegna námsvanda, líkamlegrar fötlunar og atferlisvanda. Þeir eru mikilvægur liður til að unnt sé að framkvæma skóla án aðgreiningar. Þeir aðstoða kennara í bekkjarstofu, sérgreinastofu og á safni og starfa undir umsjón bekkjarkennara, yfirmanns sérkennslu eða skólastjóra eftir atvikum.

Stuðningsfulltrúar styðja einstaklinga og hópa nemenda, taka til námsefni og önnur kennslugögn, halda skrár o.fl. til að auðvelda kennara að ná markmiðum kennslunnar. Litið er á stuðningsfulltrúa sem aðstoðarmann kennara í bekk, vegna nemenda með miklar sérkennsluþarfir. Talið er mikilvægt að kennarinn geti stundum sinnt fatlaða nemandanum og á meðan sinni stuðningsfulltrúinn öðrum. Með þessu er lögð áhersla á að fatlaður nemandi og stuðningsfulltrúi einangrist ekki í bekk eða skóla. Hver stuðningsfulltrúi sinnir yfirleitt nokkrum nemendum.

Undanfarin þrjú ár hefur Borgarholtsskóli rekið einingabært nám á framhaldsskólastigi fyrir stuðningsfulltrúa fyrir Fræðslumiðstöð. Markmiðið með þessu námi er að mennta nýja fagstétt innan skólanna (sjá fylgiskjal 9).

10. Nemendur með seinkaðan málþroska, talörðugleika og alvarlega talgalla, svo sem stam, fái þjónustu á vegum skólans eða aðkeypta þjónustu.

- Talkennari starfar ýmist í sérkennsluveri skóla eða skólar kaupa þjónustu á þessu sviði.
- Samvinna við heilbrigðisþjónustu vegna alvarlegra talgalla verði styrkt sem og samstarf um talkennslu nemenda sem fá kuðungaígræðslu.

Greinargerð:
Hér er um verkefni skóla, heilbrigðisþjónustu, Tryggingastofnunar ríkisins og í sumum tilfellum Heyrnar- og talmeinastöðvar að ræða og því nauðsynlegt að komið verði á skipulagðri samvinnu þessara aðila og annarra sérfræðinga á þessu sviði á vegum Fræðslumiðstöðvar. Skólar ýmist kaupa ráðgjöf vegna seinkaðs málþroska og léttra talörðugleika eða kennarar eiga kost á henni hjá talkennara innan skólans. Flóknum og alvarlegum talgöllum verður að sinna með samningum fræðsluyfirvalda við heilbrigðisyfirvöld og Tryggingastofnun ríkisins.

11. Möguleiki verði á að stofna sérhæfðar sérdeildir innan borgarhluta.

- Í hverjum borgarhluta geti skólastjórnendur, í samráði við Fræðslumiðstöð, sett á stofn sérhæfða sérdeild innan eins skóla sem þjóni öllum eða hluta skóla í viðkomandi borgarhluta. Þær séu einkum fyrir nemendur með miðlungs þroskahamlanir (sbr. skilgreiningu í reglum Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, sjá fylgiskjal 8).
- Deildirnar starfi með blöndun að markmiði og nemendur tengist almennum bekk að hluta.
- Deild verði undir stjórn skólastjóra þess skóla sem hún er staðsett í og ber hann ábyrgð á starfi og rekstri hennar.
- Deildirnar séu reknar fyrir fjármagn sem fylgir þeim nemendum sem þar stunda nám og reiknast út frá greiningu á fötlun viðkomandi nemanda (sjá lið 2b).
- Deildirnar verði í samstarfi við viðkomandi ráðgjafarskóla.

Greinargerð:
Fjölbreytt úrræði og sveigjanleiki skiptir miklu máli til að skapa skóla fyrir alla í Reykjavík. Til að mæta vaxandi ósk foreldra fatlaðra nemenda um skólagöngu í almennum grunnskólum í stað sérskóla er talið rétt að halda þeim möguleika opnum að starfrækja sérhæfðar sérdeildir í hverjum borgarhluta fyrir sig. Þetta getur verið svonefnd opin deild þar sem sumir nemendur dvelja allan skóladaginn en aðrir koma tímabundið, hluta dags eða í ákveðinn tíma. Þessi úrræði tengist sérskólum með ráðgjöf og samstarfi.

Til þess að þetta sé mögulegt þarf að uppfylla eftirfarandi:

- Sérhverjum fötluðum nemanda fylgi fjármagn í samræmi við reglur Fræðslumiðstöðvar (sjá lið 2b).
- Nemendur njóti kennslu sérhæfðs fagfólks og stuðningsaðilar séu ráðnir til stuðnings nemendum eftir þörfum.
- Nemandinn fái sérhæfða kennslu sem aðlöguð er að honum.
- Nemandinn fái einstaklingsnámskrá sem sniðin er að þörfum hans.
- Aðgangur sé að tæknibúnaði, svo sem tölvu og forritum.
- Ráðgjöf og faglegur stuðningur verði veittur deildinni og kennurum nemandans frá Fræðslumiðstöð og sérskólum til að námið nýtist nemendum sem best.

- Fatlaður nemandi sem stundar nám í almennum grunnskóla á rétt á því að tilheyra ákveðinni bekkjardeild. Sérdeild getur í þessu tilviki verið slík bekkjardeild.
- Hin almenna þjónusta skólans, svo sem tómstundir og skóladagvist í 1.-4. bekk, skulu standa nemandanum til boða líkt og öðrum nemendum, enda hafi hann stuðning til þess.
- Samstarf við foreldra um nám barnsins verði sem nánast og námskrá nemandans verði unnin í samráði við foreldra.
- Skólahúsnæði verði aðgengilegt fyrir fatlaða.

12. Samstarf við Vinnuskóla Reykjavíkur um starfstengt nám verði styrkt.

- Endurnýjað verði samkomulag við Vinnuskóla Reykjavíkur um samstarf vegna nemenda sem stunda vinnu meðfram grunnskólanámi og skýrar reglur settar um hvaða nemendur eigi kost á þessu úrræði.
- Þetta úrræði verði fyrst og fremst fyrir þá nemendur sem hafa áhuga á að stunda vinnu undir leiðsögn meðfram grunnskólanámi í 10. bekk og er hugsað sem aðlögun að atvinnulífinu fyrir þá nemendur sem ekki hyggja á framhaldsskólanám, a.m.k. ekki að svo stöddu.

Greinargerð:
Undanfarin ár hefur Fræðslumiðstöð greitt laun starfsmanns í Vinnuskóla Reykjavíkur sem sér um tengsl við atvinnulífið vegna nemenda sem hafa átt í erfiðleikum með nám og/eða félagsleg samskipti, svokallað innherjaverkefni. Í samstarfi við aðila í atvinnulífinu hefur þessum nemendum verið boðin vinna einn til tvo daga í viku. Þetta hefur gefist vel. Á haustönn 2001 voru 50 nemendur í starfstengdu námi á vegum Vinnuskólans og komu þeir úr 14 skólum (80% piltar).

13. Samstarf verði við ÍTR um tómstundir fatlaðra nemenda og nemenda með miklar sérkennsluþarfir og við Félagsþjónustuna í Reykjavík um félagslegt stoðkerfi innan og utan skóla fyrir nemendur í félagslegum erfiðleikum.

- Tómstundatilboð á vegum ÍTR verði með einhverjum hætti sniðin að mikið fötluðum nemendum og nemendum í félagslegum vanda.
- Skoðað verði hvort Félagsþjónustan geti í ríkari mæli verið með þjónustu innan skólanna fyrir nemendur í miklum félagslegum vanda (sbr. tilraun nú í einum skóla).

Greinargerð:
Hér er gert ráð fyrir að samstarf verði aukið við ÍTR og Félagsþjónustuna um tilboð á skólatíma og eftir að skóla lýkur fyrir nemendur sem eiga í félagslegum erfiðleikum og samskiptavanda. Með samstarfi við ÍTR er einkum átt við tómstundatilboð en einnig kemur samstarf um skóladagvist til greina. Með samstarfi við Félagsþjónustuna er átt við samstarf um félagslegan stuðning við einstaklinga í miklum félagslegum erfiðleikum innan og utan skóla, svo sem með vinahópum, tilsjónarmönnum og viðtölum.

Margir nemendur með geðraskanir og hegðunartruflanir eiga erfitt með að fóta sig í daglegu lífi og tómstundum eftir að skóla lýkur. Nauðsynlegt er að veita þeim stuðning á þessu sviði. Hér er um fyrirbyggjandi starf að ræða sem er mikilvægur þáttur í að byggja upp félags- og samskiptafærni nemenda sem eiga í erfiðleikum.

14. Stefnt er að því að í borginni verði þrír sérskólar, einn „tvíburaskóli“ og nokkrar sérhæfðar sérdeildir, auk sjúkrahúskennslu. Um er að ræða:

a) Öskjuhlíðarskóli/Safamýrarskóli fyrir fjölfatlaða og mikið þroskahamlaða nemendur.

Öskjuhlíðar- og Safamýrarskóli verði sameinaðir. Þeir þjóni fjölfötluðum og mikið þroskahömluðum nemendum og verður því einn ráðgjafarskóli á þessu sviði. Ráðgjafarhlutverk skólans verði aukið og tengsl hans við almenna grunnskólann styrkt. Hugað verði að því að skólinn geti þjónað nemendum sínum sem best, m.a. er æskilegt að byggð verði sundlaug við skólann. Sérstakt inntökuteymi sérfræðinga fjalli um umsóknir í skólann.

Með sameiningu vinnst m.a. að vinnubrögð verða samhæfð, ráðgjöf getur orðið öflugri og er á einum stað. Samræma má akstursþjónustu betur en nú er, tvær litlar rekstrareiningar verða að einni, auk þess sem leysa þarf húsnæðisvanda Safamýrarskóla.

Ef ákvörðun verður tekin um að stofna nýjar sérdeildir fyrir nemendur með miðlungs og væga þroskahömlun í hverfum borgarinnar, þá starfi þessar sérdeildir í nánu samstarfi við ráðgjafarskólann og fái þaðan ráðgjöf og sérfræðiaðstoð.

b) Vesturhlíðarskóli/Hlíðaskóli – skóli fyrir heyrnarskerta og heyrandi nemendur.

Fræðsluráð samþykkti á fundi sínum 3. apríl árið 2000 að stofnaður yrði „tvíburaskóli“ fyrir heyrnarlaus og heyrandi börn í samstarfi Hlíðaskóla og Vesturhlíðarskóla þar sem yrði tvítyngt málumhverfi. Byggingarframkvæmdir við Hlíðaskóla eru þegar hafnar og er gert ráð fyrir að viðbygging verði fullbúin haustið 2003 og þá verði skólarnir sameinaðir formlega. Sameiginleg skóladagvist skólanna tveggja hefur verið starfrækt frá árinu 1999 og heyrnarskertir og heyrandi nemendur hafa sótt saman tíma í ákveðnum námsgreinum.

c) Einholtsskóli fyrir nemendur í alvarlegum félagslegum erfiðleikum.

Einholtsskóli er fyrir nemendur í alvarlegum félagslegum erfiðleikum. Flestir þeirra hafa áður verið vistaðir á Barna- og unglingageðdeild eða Stuðlum og koma í skólann samkvæmt tilvísun frá Félagsþjónustunni í Reykjavík og félagsmálayfirvöldum í öðrum sveitarfélögum. Sérstakt inntökuteymi sérfræðinga fjalli um umsóknir í skólann. Rétt þykir að skoða hvort ástæða sé til að endurmeta úrræðið í samvinnu við Félagsþjónustuna vegna nemenda sem eru komnir af grunnskólaaldri og þarfnast sérstakrar kennslu á meðferðarstofnunum.

d) Hlíðarhúsaskóli – Ráðgjafarskóli fyrir nemendur með alvarlegar geðraskanir eða samskipta- og hegðunartruflanir.

Samkvæmt samþykkt fræðsluráðs frá 9. apríl 2001 hefur verið stofnaður ráðgjafarskóli fyrir nemendur með alvarlegar geðraskanir og samskipta- og hegðunartruflanir**.** Skólanum er ætlað að taka við allt að 20 nemendum sem eiga við svo alvarlega örðugleika að stríða, að þeir eru ófærir um að stunda nám í almennum skóla um lengri eða skemmri tíma. Sérstakt inntökuteymi sérfræðinga fjalli um umsóknir í skólann (frá Barna- og unglingageðdeild, Fræðslumiðstöð og skólanum). Skólinn verði ráðgefandi fyrir almenna

grunnskóla á sviði nemenda með geðraskanir, hegðunarvanda og samskipta-örðugleika.

e) **Dalbrautarskóli – Sjúkrahúskennsla fyrir nemendur sem lagðir hafa verið inn á Barna- og unglingageðdeild Landspítalans.**
Starfsemi Dalbrautarskóla verði breytt í þá veru að þar verði sjúkrahúskennsla fyrir nemendur sem vegna greiningar eru innlagðir á BUGL.

f) **Blindradeild við Álftamýrarskóla – Ráðgjafarmiðstöð vegna blindra og sjónskertra nemenda í samvinnu við Sjónstöð Íslands.**
Í Álftamýrarskóla er starfrækt fámenn deild fyrir blinda og mikið sjónskerta nemendur. Deildin hafi með höndum kennsluráðgjöf og vinni í samstarfi við Sjónstöð Íslands. Sérstakt inntökuteymi sérfræðinga fjalli um umsóknir í deildina.

g) **Sérhæfðar sérdeildir fyrir einhverfa nemendur í Langholtsskóla og Hamraskóla.**
Sérdeild Langholtsskóla verði ráðgjafardeild í málefnum einhverfra og verður ráðgjafi frá deildinni í ráðgjafarteymi Fræðslumiðstöðvar á sviði einhverfu. Inntökuteymi fjalli um umsóknir í deildina.

h) **Sérhæfðar sérdeildir í borgarhlutum fyrir miðlungs þroskahamlaða nemendur.**
Sjá lið 11.

Framkvæmd stefnu

Þessi stefnumörkun í sérkennslu komi til framkvæmda í áföngum á árunum 2002 til 2004. Nýjar reglur um úthlutun fjármagns taki gildi fyrir alla grunnskóla Reykjavíkur frá og með hausti 2002.

- Sú stefnumörkun sem hér er sett fram í 14 liðum komi til framkvæmda á næstu þremur árum. Nýjar reglur um úthlutun fjár til sérkennslu, þar sem annars vegar verði úthlutað fjármagni til skóla miðað við nemendafjölda og hins vegar vegna fatlaðra nemenda og nemenda með miklar sérkennsluþarfir, taki gildi frá og með hausti 2002.
- Ráðgjafarhlutverk sérskóla og sérdeilda verði endurskilgreint fyrir haustið 2002 í samstarfi Fræðslumiðstöðvar og skólanna.
- Sameining Safamýrarskóla og Öskjuhlíðaskóla fari fram í áföngum á næstu árum.
- Í fyrsta áfanga verði leitast við að koma á ofangreindum breytingum í Grafarvogi og verði það gert á árinu 2002. Þær verði unnar í samráði Fræðslumiðstöðvar við skólastjóra, kennara og Miðgarð.
- Að undangengnu mati og úttekt á fyrsta áfanga verði ráðist í annan áfanga á árinu 2003 í Árbæ og Breiðholtshverfum í samvinnu við skólastjóra, kennara, ÍTR og Félagsþjónustu.
- Þriðji áfangi verði á árinu 2004 í Vesturbæ og Austurbæ í samvinnu við skólastjóra, kennara og Vesturgarð hvað varðar þann borgarhluta.
- Fræðslumiðstöð geri framkvæmda- og kostnaðaráætlun fyrir hvern áfanga fyrir sig.

Stefnt er að því að frumdrög að framkvæmd fyrsta áfanga verði lögð fyrir fræðsluráð Reykjavíkur í mars 2002.

Bakgrunnur stefnunnar

Bakgrunnur stefnu um sérkennslu í Reykjavík liggur fyrst og fremst í grunnskólalögum, reglugerð um sérkennslu, aðalnámskrá og Salamanca yfirlýsingunni sem Ísland er aðili að. Upplýsingar úr ítarlegri rannsókn á sérkennslu í grunnskólum Reykjavíkur voru dýrmætur grunnur til að byggja stefnumörkun á. Jafnframt var við þessa stefnumörkun sótt í smiðju annarra þjóða. Hér verður gerð nánari grein fyrir þessum þáttum, en fyrst verður dregin upp skilgreining á nemendum í sérkennslu.

Nemendur í sérkennslu
Þeim um 20% nemenda sem nú fá sérkennslu í grunnskólum Reykjavíkur (sbr. rannsókn frá árinu 2000) má í meginatriðum skipta í tvo meginhópa:

a) Nemendur með sértækan námsvanda vegna líffræðilegra, sálfræðilegra, uppeldislegra og félagslegra orsaka. Hér getur verið um að ræða vanda í lestri, stafsetningu og stærðfræði, mál- og talörðugleika og skerta hreyfifærni. Einnig er hér um að ræða nemendur með seinkaðan þroska sem eiga í erfiðleikum með stóran hluta náms og nemendur með samskipta- og hegðunarvanda sem valda sjálfum sér og öðrum truflunum í námi og samstarfi (um 16-17% grunnskólanemenda í Reykjavík, sjá skýrslu um rannsókn á sérkennslu bls. 31-38 og 77).

b) Nemendur með margvíslegar fatlanir og mikla sérkennsluþörf, svo sem alvarlegar, miðlungs og vægar þroskahamlanir, miklar hreyfihamlanir, alvarlegar málhamlanir, blindu, verulega sjónskerðingu, mikla heyrnarskerðingu (hafa táknmál að móðurmáli), einhverfu, ódæmigerða einhverfu, ofvirkni með athyglisbrest og einbeitingarörðugleika, tourette heilkenni, aspergerheilkenni og innhverfar geðraskanir (alls um 3-4% grunnskólanemenda í Reykjavík, sjá skýrslu um rannsókn á sérkennslu bls. 31-38 og 77).

Lög og reglugerðir um sérkennslu
Í grunnskólalögum frá 1995, 2. gr. segir m.a.[11]: „Grunnskólinn skal leitast við að haga störfum sínum í sem fyllstu samræmi við eðli og þarfir nemenda og stuðla að alhliða þroska, heilbrigði og menntun hvers og eins.“ Í 37. gr. er fjallað um rétt nemenda á sérstökum stuðningi í námi sökum örðugleika af einhverju tagi og þar segir að meginstefnan skuli vera sú að kennslan fari fram í heimaskóla. Hér er lögð áhersla á að skólinn miði starf sitt við hvern einstakling. Það er áréttað í reglugerð um sérkennslu og aðalnámskrá[12].

Í reglugerð við lögin um sérkennslu frá 1996 segir m.a. í 1. gr.[13]: „Nemendur skulu eiga kost á að stunda nám í almennum grunnskóla í skólahverfi sínu.“ Í 2. gr. reglugerðarinnar segir: „Grunnskólinn skal laga starf sitt að þroska og getu allra nemenda sinna, þannig að hver nemandi fái kennslu við hæfi. Því ber að skipuleggja skólastarfið í heild út frá þörfum allra nemenda og skapa námsumhverfi sem hæfir hverjum og einum.“ Í reglugerðinni er fjallað um skipulag sérkennslu samkvæmt

11 *Lög um grunnskóla nr. 66/1995.*
12 *Aðalnámskrá grunnskóla* (1999). Reykjavík: Menntamálaráðuneytið (almennur hluti bls. 14-15).
13 *Reglugerð um sérkennslu nr. 389/1996.*

námsáætlun með langtíma og skammtíma markmiðum og mat á árangri. Þar er lýst samráði við foreldra, skipulagi sérkennslu innan og utan bekkjar, hlut umsjónarkennara og hlutverki umsjónarmanns sérkennslu innan skóla. Fjallað er um sérskóla og sérdeildir og starfsreglur þeirra sem þurfa staðfestingu menntamálaráðherra. Starfsreglur sérskólanna í Reykjavík voru unnar árið 1998. Í lokakafla reglugerðarinnar er fjallað um fjármögnun sérkennslunnar.

Salamanca yfirlýsingin
Ísland er aðili að Salamanca yfirlýsingu Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna frá 1994 og rammaáætlunar um aðgerðir vegna nemenda með sérþarfir.[14] Þar er lögð áhersla á rétt hvers einstaklings til menntunar með skírskotun til Mannréttindayfirlýsingar Sameinuðu þjóðanna frá 1948. Undirstrikað er að fatlaðir hafi jöfn tækifæri og aðrir til menntunar innan almenna skólakerfisins og kennslan taki mið af þörfum þeirra. M.a. er skorað á stjórnvöld allra landa að leiða í lög eða taka upp sem yfirlýsta stefnu þá meginreglu að öll börn sæki almenna skóla nema knýjandi ástæður séu til annars.

Rannsókn á sérkennslu
Í nóvember 2000 kom út skýrsla með niðurstöðum umfangsmikillar könnunar á sérkennslu í grunnskólum Reykjavíkur sem ber heitið *Sérkennsla í grunnskólum Reykjavíkur: Könnun á fjölda nemenda, ástæðum og framkvæmd*.[15] Rannsóknin var gerð til að auka yfirsýn yfir málaflokkinn og afla upplýsinga sem gætu orðið grunnur að ákvarðanatöku um þróun og breytingar á sérkennslu í grunnskólum Reykjavíkur. Þar kom m.a. fram að um 20% nemenda voru í sérkennslu og sérúrræðum og fengu 95-99% þeirra sérkennslu í íslensku og stærðfræði. Tæplega 6% nemenda í 1.-7. bekk fengu talkennslu. Meðaltímafjöldi á nemanda í almennri sérkennslu á viku var um 3,6 kennslustundir. Um 60-70% stunda í sérkennslu voru nýttar fyrir nemendahópa þar sem nemendur af svipaðri getu voru saman í hópi. Um 10-15% stundanna voru nýttar inni í bekk sem er nokkuð lágt hlutfall með hliðsjón af stefnu um blöndun. Um 10-15% voru nýttar í einstaklingskennslu. Um 10-20% stunda voru nýttar í blönduðu fyrirkomulagi, þ.e. blöndu af einstaklingstímum, hóptímum eða kennslu í bekk. Um 60% nemenda í sérkennslu og sérdeildum voru þar vegna námsvanda. Um 15% nemenda í sérskólum og 37% nemenda í sérdeildum voru þar vegna hegðunarvanda eða félagslegra örðugleika. Fram kom að viðmið skortir um val á nemendum í sérkennslu og viðbrögð við hegðunarvanda virtust svipuð og við námsvanda, þ.e. sérkennsla í íslensku og stærðfræði, jafnvel þótt staða nemanda væri í góðu lagi í þessum greinum. Í lok skýrslunnar er m.a. lagt til að sett verði viðmið um val nemenda í sérkennslu, mismunandi viðbrögð verði skipulögð við námsvanda og hegðunarvanda, einstaklingsáætlanir gerðar fyrir alla nemendur í sérkennslu (sbr. reglugerð), námið sé nemendamiðað og ráðgjöf efld innan skólanna. Niðurstöður rannsóknarinnar hafa reynst dýrmætur grunnur að stefnumótun.

14 Menntamálaráðuneytið (1995). *Salamanca yfirlýsingin og rammaáætlun um aðgerðir vegna nemenda með sérþarfir.*

15 Anna Ingeborg Pétursdóttir, Anna Kristín Sigurðardóttir, Arthur Mortens, Auður Hrólfsdóttir, Eyrún Ísfold Gísladóttir, Gerður G. Óskarsdóttir, Guðbjörg Andrea Jónsdóttir og Guðný Bergþóra Tryggvadóttir (2000). *Sérkennsla í grunnskólum Reykjavíkur: Könnun á fjölda nemenda, ástæðum og framkvæmd.* Reykjavík: Fræðslumiðstöð Reykjavíkur.

Námsferð til New Brunswick
Hópur skólastjóra, fulltrúi fræðsluráðs og aðilar frá Fræðslumiðstöð fóru í námsferð til New Brunswick í Kanada 10.-17. apríl árið 2000 undir forystu fræðslustjóra.[16] Þema ferðarinnar var kennsla nemenda með sérþarfir, bæði námslegar og félagslegar. Þetta þema varð fyrir valinu þar sem nýlega var lokið umfangsmikilli rannsókn á sérkennslu í borginni og stefnumörkun um sérkennslu í undirbúningi. Ákveðið var að heimsækja stað þar sem sögur færu af framsækni á sviði sérkennslu. Eftir allnokkra eftirgrennslan varð New Brunswick fyrir valinu. Þar hafa verið í gildi lög frá árinu 1986 sem kveða á um samkennslu allra nemenda í skyldunámsskólum án tillits til sérþarfa í námi. Áhugi var á að kynnast skóla án aðgreiningar í reynd. Í þessari stefnu er að finna markmið sem m.a. byggja á upplýsingum úr þessari ferð, svo sem stuðningsteymi, ráðgjafarhlutverk stjórnanda sérkennslu og atferlisþjálfun.

Reynsla frá Noregi
Í Noregi eru grunnskólalög og aðalnámskrá með svipuðum hætti og á Íslandi. Jafnframt hefur sérkennslan byggst upp með svipuðum hætti og hér. Þar eru fáir sérskólar og sterk sérkennsluhefð innan almenna grunnskólans. Árið 1998 var gerð ítarleg úttekt á sérkennslunni í Osló.[17] Í mörgum tilvikum má finna sambærilegar niðurstöður hjá þeim og í könnun Fræðslumiðstöðvar Reykjavíkur á sérkennslu í Reykjavík. Í framhaldi af þessari sérkennslukönnun í Osló, mótuðu fræðsluyfirvöld þar í borg á árinu 2000 nýja stefnumörkun í sérkennslu.[18] Nefnd fræðsluráðs Reykjavíkur um sérkennslu studdist við þessa stefnumörkun í vinnu sinni.

Úthlutun fjármagns til sérkennslu í Osló og annars staðar í Noregi er með tvennum hætti. Annars vegar almenn úthlutun til þess sem kallað er „Tilpasset opplæring“ og þýða má sem kennsluaðlögun. Í Reykjavík hefur slík úthlutun verið kölluð almenn úthlutun til sérkennslu og miðað við 0,145 vikustundir sinnum nemendafjöldi í skóla. Hins vegar er úthlutun á sérkennslu til nemenda með miklar sérkennsluþarfir. Byggt er á lagalegri skilgreiningu á rétti fatlaðra nemenda og nemenda með miklar sérkennsluþarfir til aukinnar aðstoðar í grunnskólanum. Reglur hafa mótast af dómsniðurstöðum í málum sem fallið hafa vegna skólagöngu fatlaðra barna og réttinda þeirra. Sérfræðingum á fræðsluskrifstofum í Noregi hefur verið falið að meta þörfina hjá hverjum nemenda fyrir sig. Ef foreldrar eru ósáttir með mat sérfræðinga geta þeir vísað málinu til sérstakrar úrskurðarnefndar í menntamálaráðuneytinu.

Reynsla frá Bretlandi
Dagana 2.-6. apríl 2001 heimsótti hópur skólastjóra og fulltrúa fræðsluráðs og Fræðslumiðstöðvar, undir forystu fræðslustjóra, fræðsluumdæmið Bath and North East Somerset í Englandi, einkum til að kynna sér sjálfstæði skóla og stjórnun þeirra.[19] Þar kynntist hópurinn m.a. framkvæmd á sérkennslu, þar með yfirlýsingum um sérkennsluþörf (e. Statements of Special Educational Needs). Slíkar yfirlýsingar eru gefnar út vegna u.þ.b. 2% nemenda í Englandi (3,6% í Bath and North East

16 Elín G. Ólafsdóttir (2000). *Aðgát skal höfð í nærveru sálar. Skóli án aðgreiningar í New Brunswick, Kanada. Námsferð skólastjóra, fulltrúa fræðsluráðs og Fræðslumiðstöðvar Reykajvíkur til New Brunswick, Kanada, 10.-17. apríl árið 2000.* Reykjavík: Fræðslumiðstöð Reykjavíkur.

17 Nordal og Overland (1998). *Idealer og realiteter. Evaluering av spesialundervisningen i Oslo* NOVA-rapport 20/1998.

18 Skoleetaten í Oslo. Skoleadministrationen. Avdeling for grunnskoler (1999). *Handlingsprogramfor utvikling av tilpasset opplæring og spesialundervisning*. Oslo: Skoleetaten.

19 Guðmundur Þór Ásmundsson og Gerður G. Óskarsdóttir (2000). Drög að skýrslu um ferð skólastjóra, fulltrúa fræðsluráðs og Fræðslumiðstöðvar til Bath í Bretlandi, dagana 2.-6. apríl 2001.

Somerset árið 2000) að undangenginni ítarlegri greiningu á nemandanum þar sem ákveðið er hvort hann fellur undir skilgreiningu á sérkennsluþörf samkvæmt breskum lögum. Í yfirlýsingunni koma fram: a) Almennar upplýsingar um nemandann, heimilisfang, foreldrar o.s.frv. b) Upplýsingar um þá námserfiðleika eða fatlanir sem nemandinn á við að glíma og komið hafa í ljós við greininguna. c) Hverjar séu sérkennsluþarfir nemandans og hvaða úrbætur hann þarf umfram það sem hann fær í almennum skóla, hvort sem um er að ræða fjármagn, viðbótarstarfsfólk, sérstaka þjálfun starfsfólks eða sérstök tæki eða aðbúnað. d) Lang- og skammtímamarkmið sérkennslunnar og áætlun um mat á framförum. e) Upplýsingar um skóla nemandans og hvernig hann getur brugðist við þörfum eða hvernig hægt sé að veita menntun utan skóla. f) Lýsing á öðrum þörfum nemandans, svo sem sjúkraþjálfun, talþjálfun o.s.frv. og hvernig brugðist verður við þeim þörfum. Yfirlýsingin gildir sem skuldbinding viðkomandi fræðsluumdæmis um að veita þá þjónustu og úrbætur sem þar eru tilgreindar. Yfirlýsingar um sérkennsluþörf eru endurskoðaðar a.m.k. árlega og fylgja nemendum þegar þeir flytja sig milli skóla.

Stefnumörkun um Öskjuhlíðar- og Safamýrarskóla
Nokkru áður en nefnd um sérkennslu og sérúrræði í Reykjavík hóf störf hafði vinnuhópur sem fjallaði um framtíðarskipulag Öskjuhlíðarskóla og Safamýrarskóla hist á allmörgum fundum og farið yfir hugmyndir um framtíð skólanna tveggja. Í þeirri vinnu voru settar fram nokkrar hugmyndir um hvernig best yrði að starfi skólanna staðið (sjá fylgiskjal 7). Sá hópur var skipaður Björk Jónsdóttur skólastjóra Safamýrarskóla, Einari Hólm Ólafssyni skólastjóra Öskjuhlíðarskóla, Ragnari Gíslasyni skólastjóra Foldaskóla og Arthuri Morthens. Nefndin tók mið af þessari vinnu í störfum sínum.

Stefnumörkun til 10 ára í starfsáætlun
Í starfsáætlun fræðslumála í Reykjavík fyrir árið 2002 er reynt að horfa fram á veginn og mótuð sýn til næstu ára um nokkra meginþætti skólastarfsins. Þar segir um sérkennslu og sérúrræði (bls. 28):

> *Málefni nemenda sem eiga við fötlun, námslegan eða hegðunarlegan vanda að etja séu leyst innan almennra skóla að svo miklu leyti sem kostur er, svo sem með stuðningi í hópi eða einstaklingsaðstoð sem er hluti af einstaklings-miðuðu námi og sveigjanlegum kennsluháttum. Þannig falli markmið um sérkennslu og margvísleg sérúrræði inn í markmið um nám sem tekur mið af stöðu hvers einstaklings. Innan hvers skóla starfi stuðningsteymi vegna nemenda með náms- og hegðunarvanda sem kennarar geti leitað til. Í hverjum skóla sé stjórnandi sérúrræða sem stýri sérkennsluveri skólans og sinni fyrst og fremst skipulagi og ráðgjöf við bekkjarkennara vegna nemenda í vanda.*
>
> *Sérskólar, sem jafnframt eru ráðgjafarmiðstöðvar fyrir aðra skóla og fjölskyldur, starfi fyrir fjölfatlaða og þroskahamlaða nemendur, nemendur með geðrænan vanda og unglinga í miklum félagslegum erfiðleikum. Foreldrar hafi val um almennan skóla, sérdeild eða sérskóla.*

Niðurlag
Eins og sjá má var víða leitað fanga til að vanda þetta verk sem best svo ná megi markmiðum um skóla án aðgreiningar þar sem einstaklingsþörfum nemenda er mætt, heimaskóli sinni þörfum allra nemenda og fjármagn nýtist sem best. Stefna sem þessi er aldrei endanleg, hana þarf að sjálfsögðu að meta og endurskoða, eins og alla aðra stefnumörkun.

Heimildaskrá

Aðalnámskrá grunnskóla (1999). Reykjavík: Menntamálaráðuneytið.

Anna Ingeborg Pétursdóttir, Anna Kristín Sigurðardóttir, Arthur Mortens, Auður Hrólfsdóttir, Eyrún Ísfold Gísladóttir, Gerður G. Óskarsdóttir, Guðbjörg Andrea Jónsdóttir og Guðný Bergþóra Tryggvadóttir (2000). *Sérkennsla í grunnskólum Reykjavíkur: Könnun á fjölda nemenda, ástæðum og framkvæmd.* Reykjavík: Fræðslumiðstöð Reykjavíkur.

Elín G. Ólafsdóttir (2000). *Aðgát skal höfð í nærveru sálar. Skóli án aðgreiningar í New Brunswick, Kanada. Námsferð skólastjóra, fulltrúa fræðsluráðs og Fræðslumiðstöðvar Reykjavíkur til New Brunswick, Kanada, 10.-17. apríl árið 2000.* Reykjavík: Fræðslumiðstöð Reykjavíkur.

Guðmundur Ingi Hauksson, Gunnar Ármannsson, Jónína A. Sanders, Ómar Sigurðsson, Sigríður Logadóttir og Sigrún Elsa Smáradóttir [2001]. *Er hægt að nýta fjármagn til sérkennslu í grunnskólum Reykjavíkur með betri hætti en nú er gert?* Óbirt hópverkefni í MBA-námi við Háskóla Íslands.

Guðmundur Þór Ásmundsson og Gerður G. Óskarsdóttir (2000). Drög að skýrslu um ferð skólastjóra, fulltrúa fræðsluráðs og Fræðslumiðstöðvar til Bath í Bretlandi, dagana 2.-6. apríl 2001.

Landssamtökin Þroskahjálp (1993). *Stefnuskrá.* Reykjavík: Landssamtökin Þroskahjálp.

Lög um grunnskóla nr. 66/1995.

Menntamálaráðuneytið (1995). *Salamanca yfirlýsingin og rammaáætlun um aðgerðir vegna nemenda með sérþarfir. Alþjóðleg ráðstefna um menntun nemenda með sérþarfir, Salamanca, Spáni, 7. –10. júní 1994*. Reykjavík: Menntamálaráðuneytið.

Nordal og Overland (1998). *Idealer og realiteter. Evaluering av spesialundervisningen i Oslo*. NOVA-rapport 20/1998.

Porter, Wilson, Kelly og Otter. *Lausnateymi, 30 mínútna samstarfsverkefni.* Íslensk þýðing á vegum Breiðholtsskóla.

Reglugerð um nemendaverndarráð í grunnskólum nr. 388/1996.

Reglugerð um sérkennslu nr. 389/1996.

Skoleetaten í Oslo, Skoleadministrationen, Avdeling for grunnskoler (1999). *Handlingsprogram for utvikling av tilpasset opplæring og spesialundervisning.* Oslo: Skoleetaten.

Starfsáætlun fræðslumála í Reykjavík 2002. Reykjavík: Fræðslumiðstöð Reykjavíkur.

Umboðsmaður barna (2001). *Skýrsla umboðsmanns barna fyrir árið 2000.* Reykjavík: Umboðsmaður barna.

Fylgiskjöl 1-10:

1. Samþykkt starfshóps skólastjóra varðandi skiptingu fjármagns til sérkennslu.
2. Umsögn Kennarafélags Reykjavíkur.
3. Umsögn Landssamtakanna Þroskahjálpar.
4. Umsögn Skólastjórafélags Reykjavíkur.
5. Umsögn Félags íslenskra sérkennara.
6. Umsögn Öryrkjabandalags Íslands.
7. Hugmyndir um starfsemi Öskjuhlíðarskóla og Safamýrarskóla. Frá vinnuhópi um framtíðarskipulag skólanna sem starfaði árið 2000.
8. Vinnureglur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga frá 1997; Viðmiðunarstig fatlana (vinnureglur I) og þroska- og geðraskana (vinnureglur II) vegna greiðslna úr sjóðnum.
9. Námskeið fyrir stuðningsfulltrúa í grunnskólum í Borgarholtsskóla.
10. Leiðbeinandi ferill fyrir skóla um meðhöndlun mála nemenda með sérþarfir.

Fylgiskjal 1

Reykjavík 11. maí 2001

Fræðsluráð Reykjavíkur
Sigrún Magnúsdóttir

Efni: Samþykkt starfshóps skólastjóra varðandi skiptingu fjármagns til sérkennslu.

Starfshópurinn mælir með því að skipta fjármagni til sérkennslu í anda þeirrar skiptingar sem fram kemur í drögum dags. 26/4 2001, m.a. til að mæta félagslega mismunandi aðstæðum einstakra skóla. Þá er hugmyndin um sérkennslumiðstöð við alla grunnskóla Reykjavíkur góð, en til þess að hægt sé að hrynda henni í framkvæmd þarf viðbótarfjármagn. Rétt er að benda á að stærð skóla skiptir máli varðandi möguleika skólans til að koma sérkennslumiðstöð á laggirnar. Einnig er það skoðun hópsins að miðlægar sérdeildir verði reknar áfram, en hugmyndina um miðlægar sérdeildir í hverfum, sem þjóna m.a. alvarlega hegðunartufluðum börnum, þarf að ræða og útfæra enn frekar með skólastjórum í Reykjavík. Jafnframt þarf að ræða skiptingu fjármagns til sérkennslu í hópi skólastjóra áður en Fræðsluráð tekur lokaákörðun í þessu stóra máli. Vakin er athygli á því að ef hægt er að hrynda þessum hugmyndum í framkvæmd með meira fjármagni gæti hið nýja skipulag haft verulegt forvarnargildi þegar til lengri tíma er litið.

Að lokum viljum við vekja athygli Fræðsluráðs á því að nokkur óvissa er um ráðningar faglærðs aðstoðarfólks, s.s. stuðningsfulltrúa, þroskaþjálfa og atferlisþjálfa þar sem ekki er hægt að bjóða þeim heilsársráðningu án þess að til komi launadreifing.

Virðingarfyllst,

Hildur Harðardóttir (sign.),
aðstoðarskólastjóri Rimaskóla

Guðmundur Sighvatsson (sign.),
skólastjóri Austurbæjarskóla

Jón Freyr Þórarinsson (sign.),
skólastjóri Laugarnesskóla

Þorsteinn Hjartarson (sign.),
skólastjóri Fellaskóla

Fylgiskjal 2

Kennarafélag Reykjavíkur

Kennarahúsinu Laufásvegi 81 101 Reykjavík Sími 595 1111 Fax 595 1112

Reykjavík 17. ágúst 2001

Fræðslumiðstöð Reykjavíkur
20 ÁGÚ. 2001
2001 08 0029

Fræðslumiðstöð Reykjavíkur
Arthur Morthens
Fríkirkjuvegi 1
101 Reykjavík.

Kennarafélagi Reykjavíkur hefur borist til umsagnar drög að hugmyndum nefndar um endurskoðun á kennslu fatlaðra og nemenda með sérkennsluþarfir í grunnskólum Reykjavíkur. Undirritaður biðst velvirðingar á hve seint umsögnin berst.

Í hugmyndum nefndarinnar er gert ráð fyrir skóla án aðgreiningar og er það í góðu samræmi við skólastefnu Kennarasambands Íslands þó ljóst sé að sérskólar verða að vera til staðar vegna þeirra nemenda sem almennu skólarnir geta ekki veitt þjónustu við hæfi. Að mati Kennarafélags Reykjavíkur fela hugmyndir nefndarinna í sér skref í framfaraátt sem birtist m.a. í aukinni áherslu á ráðgjöf og náinni tengslum almennrar kennslu og sérkennslu. Hækkað viðmið við úthlutun á sérkennslu til skóla er sömuleiðis skref í framfaraátt þó vissulega hefði mátt hækka viðmiðið meira. Þá er að mati Kennarafélags Reykjavíkur afar brýnt að taka tillit til aðstæðna hvers skóla, s.s. félagslegs umhverfis.

Í hnotskurn er það skoðun Kennarafélags Reykjavíkur að nái hugmyndir nefndarinnar fram að ganga sé stigið skref í framfaraátt og sérkennsla og stuðningskennsla nýtist fleiri en áður og skili betri árangri.

Virðingarfyllst,
f.h. Kennarafélags Reykjavíkur

Finnbogi Sig.

Finnbogi Sigurðsson, formaður KFR

Fylgiskjal 3

ÞROSKAHJÁLP
25 ÁRA

Fræðslumiðstöð Reykjavíkur
Fríkirkjuvegi 1,
101 Reykjavík

Fræðslumiðstöð Reykjavíkur
13 JÚLÍ 2001
2001-07-0021

b.t. Arthurs Morthens

Reykjavík 11. júlí 2001

Landssamtökin Þroskahjálp þakka fyrir að hafa fengið til umsagnar "Hugmyndir nefndar um endurskoðun á kennslu fatlaðra nemenda með sérkennsluþarfir í grunnskólum Reykjavíkur"

Samtökin fagna þeirri meginstefnu sem fram er sett í drögum þessum og taka heilshugar undir þá yfirlýsingu sem er að finna í upphafi 3. kafla.

Jafnframt lýsa samtökin sig samþykk þeirri tillögu, að fjármagn miðist við þarfir nemendans og fylgi honum í stað þess að binda það við ákveðin skólaúrræði og byggingar. Samtökin styðja heilshugar fram komnar hugmyndir um sérkennsluver í öllum skólum borgarinnar og það fyrirkomulag að nemendur þar tengist almennum bekkjardeildum.

Þó vilja samtökin benda á nokkur atriði sem annað hvort mættu betur fara eða virðast óljós.

1. Samtökin hafa haft aðlögun skólakerfisins að þörfum fatlaðra og "heimaskóla fyrir alla" á stefnuskrá sinn um langt skeið. Samtökin geta þá og því aðeins fallist á tillögur nefndarinnar um "sértækar sérdeildir" í hverfum borgarinnar að þær lausnir leiði til meiri samskipunar fatlaðra en áður en auki ekki á aðgreiningu fatlaðra í námi. Á bls. 7 er gert ráð fyrir allt að 1% af reykvískum grunnskólanemendum í þessum deildum og sérskólum. Það er hærra hlutfall en nú er í hliðstæðum úræðum. Samtökin vara við
þeirri hættu að hinar sértæku sérdeildir geti snúist gegn yfirlýstu meginmarkmiði 3. kaflans. Þ.e. dragi til sín nemendur úr almennum úrræðum. Landssamtökin Þroskahjálp geta ekki mælt með að fjölga þeim nemendum sem ekki njóta kennslu í sínum heimaskóla. Tilvcru sértækra sérdeilda er aðeins réttlætanleg ef hún leiðir til aukinar samskipunar í skólakerfinu auk meiri gæða í skólastarfi.

2. Í kafla 3 eru nokkur atriði sem samtökin vilja gera athugasemdir við eða fá frekari skýringar á.

Í upptalningarliðum á bls. 7 er fjallað um hvaða þarfir þurfi að uppfylla til að hægt sé að byggja upp sérúrræði fyrir fatlaða nemendur á hverfisgrunni. Þar stendur: "Hin almenna þjónusta skólans s.s tómstundir og skóladagvist skulu standa nemendum til boða líkt og öðrum nemendum..." Hér er rétt að vekja athygli á því að þörf er á að veita þessum nemendum þjónustu umfram það sem aðrir fá og rýmri aldursmörk nauðsynleg. Sannast hér enn og aftur að jafnrétti er ekki það að allir fái það sama heldur þurfa stundum sumir að fá meira en aðrir til njóta jafnstöðu. Síðan heldur málsgreinin áfram "...enda hafi hann (hinn fatlaði) til þess stuðning." Þessu næst eru taldar upp þjónustustofnanir sem þarf að hafa samband við um þessi mál. Hér virðist því um skilyrt réttinda að ræða.

Að þessum athugasemdum slepptum telja Landssamtökin Þroskahjálp þessar hugmyndir um endurskoðun á sérkennslunni til mikilla bóta. Rétt er þó að árétta að samtökin líta svo á að hér sé aðeins um fyrsta skrefið að ræða "..að skóla án aðgreiningar fyrir alla nemendur" (úr 3. kafla). Endurskoða þarf hlutverk sérskólanna og koma á réttlátari skiptingu fjármagns á milli þeirra og almenna grunnskólans. Vonandi kemst hreyfing á þau mál þegar hugmyndum þessum verður hrint í framkvæmd.

Til að ræða nánar framkomnar hugmyndir vinnuhóps Fræðslumiðstöðvar og næstu skref óskum við hér með eftir fundi með vinnuhópnum.

Virðingarfyllst
f.h. Landssamtakanna Þroskahjálpar

Halldór Gunnarsson formaður

Friðrik Sigurðsson framkvæmdastjóri

Skólastjórafélag Reykjavíkur

Fræðslumiðstöð Reykjavíkur
b.t. Arthurs Mortens
Fríkirkjuvegi 1
101 Reykjavík.

Fræðslumiðstöð Reykjavíkur
25 JÚNÍ 2001
2001 06 0067

Ágæti Arthur.

Þ. 8. júní s.l. bárust mér í hendur drög að hugmyndum nefndar sem vinnur að endurskoðun á kennslu fatlaðra nemenda og nemenda með sérkennsluþarfir í grunnskólum Reykjavíkur.

Það skal strax tekið fram að heldur fannst mér tíminn til umsagnar óheppilegur þar sem skólastjórnendur eru á þessum tíma ýmist önnum kafnir við frágang nýliðins skólaárs og skipulagningu þess næsta eða þá komnir í frí. Þrátt fyrir þetta sendi ég öllum skólastjórnendum svohljóðandi tölvupóst þ. 11. júní s.l.:

"S.l. föstudag fékk ég send í pósti frá A.M. hugmyndir nefndar um endurskoðun á kennslu fatlaðra nemenda og nemenda með sérkennsluþarfir í grunnskólum Reykjavíkur. Í nefndinni sátu Sigrún Magnúsdóttir, Sigrún Elsa Smáradóttir og Bryndís Þórðardóttir, en auk þeirra starfaði Arthur Mortens sem ritari nefndarinnar.

Tveir hópar sem Skólastjórafélagið átti aðild að störfuðu jafnframt samhliða þessari nefnd:

a) vinnuhópur um skipulag sérkennslunnar í Rvk.; og
b) vinnuhópur um málefni Öskjuhlíðarskóla og Safamýraskóla.

Með þessum hugmyndum 3ja manna nefndarinnar fylgdi [illegible] umsagnar Skólastjórafélags Reykjavíkur á þeim hugmyndum sem kynntar eru í þessum drögum. Umsögnin skal berast Fræðslumiðstöð fyrir 1. júlí n.k.

Með þessum tölvupósti óska ég eftir því við ykkur að hafi þið áhuga þá að gefa ykkur fram við mig með tölvupósti fyrir miðja viku. Hugmynd mín er sú að umsagnarhópurinn verði 3 - 5 manna og æskilegt væri að fulltrúar sérskóla kæmu að umsögninni og helst einhver þeirra skólastjórnenda sem sátu í vinnuhópnum um skipan sérkennslunnar.

Já -ég veit að það er komið fram í sumarleyfi, en á hverju ári er umræðan um sérkennslu - og sérdeildarmál umfangsmikil og tímafrek og þess vegna nauðsynlegra en ella að við komum að málinu og reynum að setja okkar mark á framvindu þess."

Þ. 22. júní fékk ég til fundar við mig fjóra skólastjórnendur þau Björk Jónsdóttur, Einar Hólm, Guðlaugu Teitsdóttur og Hildi Harðardóttur, en þau höfðu svarað ósk minni um að líta á drögin/hugmyndirnar. Þau höfðu fengið drögin í hendur fyrir nokkru skv. samráði mínu við Önnu Kristínu, nema Guðlaug Teitsdóttir.

Þessi hópur komst að þeirri niðurstöðu að hér væri um svo stórt mál að ræða og tillögur að stefnubreytingum slíkar að ekki væri á ábyrgan hátt hægt að afgreiða umsögn án formlegrar kynningar fyrir öllum skólastjórnendum grunnskóla borgarinnar. Þá var hópurinn sammála um að tíminn til umfjöllunar og afgreiðslu væri mjög óheppilegur þar sem vart væri gerlegt að ná fólki saman til fundar.

Við yfirlestur á drögunum vöknuðu margar spurningar innan hópsins og rétt til þess að gefa vísbendingu var samþykkt að setja nokkrar þeirra á blað og senda þér:

1. Hvað tekur við verði almennar sérdeildir lagðar niður?

2. Verður nýi ráðgjafarskólinn /miðstöðin, bakhjarl við ráðgjafarteymin sem hugmyndir eru um að koma upp í skólunum?

3. Er ætluð sérstök fjárveiting til ráðgjafarteymanna?

4. Með vísun til 4.gr. B liðs er spurt hvort þetta sé undanfari þess að leggja eigi niður sérskólana, þ.e. Öskjuhlíðarskóla og Safamýrarskóla?

5. Áherslu á tveggja kennara kerfi er fagnað, en jafnframt vakna spurningar varðandi kostnað?

6. Varðandi nýjan ráðgjafarskóla ber að fagna fjölgun sérúrræða, en spurningar vakna um hvers konar úrræði er um að ræða?

7. Við hvað verður miðað við úthlutun sérstaks fjármagns til að mæta nemendum sem eiga í félagslegum erfiðleikum?

8. Vinnuhópur sem fjallaði um framtíð Öskjuhlíðaskóla og Safamýrarskóla komst ekki að þeirri niðurstöðu að sameina ætti skólana. Á hverju byggir sú hugmynd sem kemur fram í 9. lið, þ.e. að skólarnir verði sameinaðir í einn ráðgjafarskóla?

9. Í tólfta lið kemur fram að hugmyndin er að gera ráð fyrir 50 milljóna króna aukafjárveitingu til kennslu fatlaðra nemenda. Hverjar eru hugmyndir um annan afleiddan kostnað, s.s. varðandi aðgengi, tæki, búnað og aðra nauðsynlega aðstöðu?

10. Innritunum í sérskólana og óskum um skólavist hefur ekki fækkað á síðustu árum. Eins hafa umsóknir um skólavist í sérdeildum verið fleiri en hægt hefur verið að verða við. Á hverju grundvallast sú staðhæfing að foreldrar fatlaðra barna óski í ríkara mæli eftir því að börn þeirra fái kennslu innan almenna grunnskólans?

Eftir talsverðar umræður komst hópurinn að eftirfarandi sameiginlegri niðurstöðu:

- Umrædd drög/hugmyndir eru í mörgu mjög stefnumarkandi fyrir sérkennslu og stöðu fatlaðra í grunnskólum Reykjavíkur og því ber að fá sem flesta að kynningu málsins áður en bindandi ákvarðanir verða teknar og settar fram í Starfsáætlun Fræðslumiðstöðvar. Það er því ekki hyggilegt að lítill hópur skólastjórnenda fari að veita umsögn sem ákvarðanir yrðu síðan e.t.v. grundvallaðar á.
- Skólastjórafélagið verði að efna til félagsfundar í ágúst þar sem fulltrúar félagsins úr vinnuhópunum tveimur muni fara yfir drögin og hugmyndir sínar varðandi sérkennslu- og sérdeildarmál grunnskóla Reykjavíkur.
- Að loknum félagsfundi í ágúst óski Skólastjórafélagið eftir fundi með þér og endurskoðunarnefndinni um efnisatriði draganna með áherslu á umfjöllun um hugmyndir veigamestu breytingar, faglegar og fjárhagslegar.
- Óskað er eftir því að þú beitir þér fyrir því að öllum skólastjórnendum verði send drögin/hugmyndirnar sem fyrst.

Það skal áréttað að margt í framkomnum drögum/hugmyndum er allrar athyglivert, en mikilvægi málaflokksins er slíkt að um allar breytingar verður að ríkja sem víðtækust sátt. Skólastjórafélagið er reiðubúið til þess að vinna að því með Fræðslumiðstöð og fræðsluráði að sú sátt náist.

Með bestu kveðju.

Fh. Skólastj.fél. Rvk.

Ellert Borgar

Fylgiskjal 5

Félag íslenskra sérkennara
Kennarahúsinu v/Laufásveg
101 Reykjavík

30. júlí, 2001

Til Arthurs Mörtens
Frá Rannveigu G. Lund,
formanni Félags Íslenskra sérkennara

Athugasemdir við drög nefndar um endurskoðun á kennslu fatlaðra nemenda og nemenda með sérkennsluþarfir í grunnskólum Reykjavíkur.

Drög sem bárust félaginu í sumar og óskað umsagnar hafa aðeins verið skoðuð af undirrtiaðri en ekki stjórn félagsins. Erfitt er að ná fólki saman í júní og júlí vegna sumarleyfa. Skil á umsögn áttu að vera fyrir 1. júlí. **Athugasemdir mínar óska ég eftir að þú kynnir öðrum nefndarmönnum með þeim upplýsingum.**

Við lestur draganna vakna ýmsar spurningar í huga mínum í tengslum við framkvæmd þeirra, en svör er ekki að finna í plagginu og þess vegna tek ég á engan hátt afstöðu til hugmyndanna sem þarna koma fram.
Ég set samt fram spurningar sem hugsanlega hjálpa til við útfærsluna og vísa til blaðsíðna og kaflaheita í drögunum.

Almennt: Um ráðgjöf sérskóla til almennra skóla. Þetta eru ekki nýjar hugmyndir en góðar samt. Þess vegna er mikilvægt að skoða hvernig þessi atriði hafa verið framkvæmd fram að þessu og út frá hvaða forsendum. Hafi þau ekki skilað árangri þarf að átta sig á hvers vegna.

Til umhugsunar í því sambandi: Að vinna með fatlaða á sérstofnun - að vinna með fatlaða í bekk er tvennt ólíkt. Ráðgjafastofnun getur miðlað af þekkingu á fötlunum, verkefnum og aðferðum sem þróast innan stofnunarinnar og nýtast þar vel - það sem kemur í veg fyrir að ráð frá stofnuninni um þessi atriði nýtist í almenna skólanum er ef til vill reynsluleysi ráðgjafans af bekkjarstarfi í

minni ,,sérkennsluþörf" í sveigjanleikanum þar - eða var bara horft fram hjá henni??

Á bls. 1 í gr. 2 og 4. eru andstæður. Almennar sérdeildir lagðar niður - sérhæfðar sérdeildir eru valkostur. Í hverju liggur munur á þessu fyrrverandi og verðandi fyrirkomulagi?

Sjá bls. 5. Lesver hafa fram til þessa þjónað flestum hlutverkum sérkennsluvers. Má þar nefna ráðgjöf til kennara sem fram til þessa hefur oft farið fram með óformlegum hætti. Það yrði breyting innan sérkennsluvers (lesvers) ef ráðgjöf yrði formgerð, henni ætlaður ákveðinn tími innnan starfsskyldu rágjafans, líkt og hjá námsrágjöfum. Sérkennsluver sýnist mér hafa eitt nýtt viðbótarhlutverk miðað við lesver sem nú eru við flesta skóla. Nemendur í sérdeildum eiga jafnframt að eiga sér samastað þar. Það er breyting sem ég sé ekki fyrir hvort er af hinu góða eða ekki, þar sem útfærslu skortir í plagginu.

Bls. 2. Grein 3. Ráðgjafateymi sem samanstendur af reyndu fagfólki: Er þetta fólk til innan skóla almennt? Hverjir sitja í því og hver stýrir fundum og undirbýr þá? Hvernig er tryggt að í teyminu sé fólk sem veit meira um börn með sérþarfir og fatlanir en þeir sem ráðin þurfa að fá ?

Bls. 2: Grein 4 B. Hvaðan munu deildirnar fá fjármagn og til hve langs tíma (eins árs eða margra ára). Þetta skiptir miklu máli til að hægt sé að þróa starf á traustum grunni?

Bls. 9. Viðmið í sérkennslu. Hér vil ég aðeins benda á að gera verður ráð fyrir að góð sérkennsla skili árangri, og að hún sé forsenda árangurs, en ekki að barn hafi ekki þurft sérkennslu ef það sýnir árangur. Hver er annars hugmyndafræðin að baki sérkennslu ??

Ég fagna áherslu Fræðslumiðstöðvar um að í skólanámskra´skólans skuli gerð grein fyrir stefnu skólans í málefnum fatlaðra nemenda og nemenda með þörf fyrir sérkennslu og séraðstoð.

minni ,,sérkennsluþörf" í sveigjanleikanum þar - eða var bara horft fram hjá henni??

Á bls. 1 í gr. 2 og 4. eru andstæður. Almennar sérdeildir lagðar niður - sérhæfðar sérdeildir eru valkostur. Í hverju liggur munur á þessu fyrrverandi og verðandi fyrirkomulagi?

Sjá bls. 5. Lesver hafa fram til þessa þjónað flestum hlutverkum sérkennsluvers. Má þar nefna ráðgjöf til kennara sem fram til þessa hefur oft farið fram með óformlegum hætti. Það yrði breyting innan sérkennsluvers (lesvers) ef ráðgjöf yrði formgerð, henni ætlaður ákveðinn tími innnan starfsskyldu rágjafans, líkt og hjá námsrágjöfum. Sérkennsluver sýnist mér hafa eitt nýtt viðbótarhlutverk miðað við lesver sem nú eru við flesta skóla. Nemendur í sérdeildum eiga jafnframt að eiga sér samastað þar. Það er breyting sem ég sé ekki fyrir hvort er af hinu góða eða ekki, þar sem útfærslu skortir í plagginu.

Bls. 2. Grein 3. Ráðgjafateymi sem samanstendur af reyndu fagfólki: Er þetta fólk til innan skóla almennt? Hverjir sitja í því og hver stýrir fundum og undirbýr þá? Hvernig er tryggt að í teyminu sé fólk sem veit meira um börn með sérþarfir og fatlanir en þeir sem ráðin þurfa að fá ?

Bls. 2: Grein 4 B. Hvaðan munu deildirnar fá fjármagn og til hve langs tíma (eins árs eða margra ára). Þetta skiptir miklu máli til að hægt sé að þróa starf á traustum grunni?

Bls. 9. Viðmið í sérkennslu. Hér vil ég aðeins benda á að gera verður ráð fyrir að góð sérkennsla skili árangri, og að hún sé forsenda árangurs, en ekki að barn hafi ekki þurft sérkennslu ef það sýnir árangur. Hver er annars hugmyndafræðin að baki sérkennslu ??

Ég fagna áherslu Fræðslumiðstöðvar um að í skólanámskra´skólans skuli gerð grein fyrir stefnu skólans í málefnum fatlaðra nemenda og nemenda með þörf fyrir sérkennslu og séraðstoð.

Sendi þér þessar hugleiðingar sem endurspegla spurningar sem vöknuðu við lestur draganna. Ég vona að þær komi að einhverju gagni.

Með kveðju
Rannveig G. Lund

ÖBÍ
Öryrkjabandalag Íslands
Hátúni 10, 105 Reykjavík
Sími: 530 6700, Myndsími: 530 6701
Netfang: obi@obi.is, Vefsíða: www.obi.is

Fylgiskjal 6

Umsögn Öryrkjabandalags Íslands vegna kennslu fatlaðra barna í Grunnskólum Reykjavíkur

Öryrkjabandalag Íslands lýsir ánægju sinni með hugmyndir nefndar um endurskoðun á kennslu fatlaðra nemenda og nemenda með sérkennsluþarfir í grunnskólum Reykjavíkur. Þá fagnar bandalagið þeirri þróun sem orðið hefur í þá átt að færa kennslu fatlaðra barna úr sérskólum í almenna grunnskóla borgarinnar.

Öryrkjabandalag Íslands vekur um leið athygli borgaryfirvalda á þeim skyldum sem sveitarstjórnum ber að rækja við grunnskólabörn í landinu. Fötluð börn eru þar ekki undanskilin. Þannig er nauðsynlegt að skólar verði svo úr garði gerðir að þeir geti tekið við fötluðum nemendum og veitt þeim á kennslu og sérhæfða aðstoð sem þeir þurfa. Kennsla í almennum skólum styrkir félagslega færni fatlaðra nemenda, kynnir öðrum nemendum aðstæður fatlaðra og er um leið virkasta aðferðin til þess að rjúfa einangrun þeirra.

Leggja ber áherslu á að fjármunir, sem fylgja fötluðum nemendum, séu nýttir til sérfræðiaðstoðar í þeirra þágu og eða kaupa á nauðsynlegum hjálpartækjum. Nokkuð hefur borið á þeirri gagnrýni foreldra og kennara að ekki hafi verið nægilegir fjármunir fyrir hendi til þess að leita eftir aðstoð sérfræðinga við kennara fatlaðra nemenda og þá sjálfa. Sumir fatlaðir nemendur þurfa á mjög sérhæfðum hjálpartækjum að halda og er nauðsynlegt að þróun þeirra sé fylgt eftir. Brýnt er að kennarar fatlaðra barna og stuðningsfulltrúar fái kennslu í notkun nauðsynlegustu hjálpartækja. Einnig ber að sjá til þess að réttur fatlaðra til þess að fá sérhæft námsefni verði virtur. Góður aðbúnaður í almennum skólum og nauðsynleg þjónusta fatlaðra er metnaðarfullt verkefni sem að ýmsu leyti hefur tekist vel í Reykjavík.

Reykjavík, 17. september 2001

F. h. Öryrkjabandalags Íslands

Arnþór Helgason

Arnþór Helgason, framkvæmdastjóri

Fylgiskjal 7

Janúar 2001

Hugmyndir um starfsemi Öskjuhlíðaskóla og Safamýrarskóla.
Frá vinnuhóp um framtíðarskipulag skólann sem starfaði á árinu 2000.

Í dag er þessum tveimur skólum ætlað að þjóna fjölfötluðum nemendum nemendum og nemendum með verulega þroskaskerðingu. (Greind?-70) Starfsemi skólanna hefur mjög skarast á síðustu árum og er þriðjungur nemenda Öskjuhlíðaskóli alvarlega þroskaheftir (Greind undir 50) Jafnframt er rétt að hafa hugfast að æ stærri hópur nemenda með þroskaskerðingu og aðra fötlun sækja almenna grunnskólann.
Þær hugmyndir sem hér eru settar fram þarf að skoða í ljósi þess að skólarnir eru farnir að þjóna svipuðum nemendahóp og æ stærri hópur fatlaðra nemenda stunda nám í almenna grunnskólanum. Skoða þarf því hvort ekki sé skynsamlegt að endurskoða starfsemi sérskólanna tveggja með það í huga að samræma betur en nú er faglega vinnu með fjölfatlaða og þroskahefta nemendur í Reykjavík.
1)
Öskjuhlíðaskóli og Safamýrarskóli verði lagðir niður í núverandi mynd á næstu fjórum árum og nemendur fari í skóla í heimahverfi með öflugum sérstuðningi sérmenntaðs starfsfólks. Ráðgjöf verði veitt frá ráðgjafarmiðstöð sem staðsett er í einum skólanna eða á Fræðslumiðstöð.
Foreldrar geti valið á milli þess að hafa nemendur í almennum bekk eða sérdeild. Byggðar verði upp sérdeildir í hverju hverfi borgarinnar fyrir fjölfatlaða nemendur og nemendur með verulega þroskaskerðingu. Nemendur fái sömu eða sambærilega þjónustu og áður var í skólunum tveimur
2)
Starfsemi Safamýrarskóla og Öskjuhlíðaskóla verði sameinuð undir einu þaki í Öskjuhlíðaskóla fyrir fjölfötluð börn og börn með verulega þroskaskerðingu. Greind á bilinu ? til 60. Skólinn verði fyrir 60-80 nemendur. Byggð verði sundlaug við skólann og aðstaða fyrir tækjabúnað sem fylgir þessum nemendum. Jafnframt verði stofnuð sérdeild í almennum grunnskólum fyrir nemendur með vægari þroskaskerðingu (greind 60-75) í hverju hverfi borgarinnar. Sérdeildirnar þjóni svipuðu hlutverki og sérskólarnir gera. Skólinn verði sérhæfður ráðgjafaskóli og öflug ráðgjöf verði veitt til kennara í sérdeildum og almennum grunnskólum.
3)
Starfsemi Safamýrarskóla og Öskjuhlíðaskóla verði sameinuð undir einu þaki í Öskjuhlíðaskóla. Skólinn verði fyrir allt að hundrað fjölfatlaða - og verulega þroskahefta nemendur. Metið verði hvernig byggt verði við Öskjuhlíðaskóla sundlaug og viðbótar skólarými á núverandi skólalóð sem verið hefur skert frá upphaflegum tillögum.
Aðrir fatlaðir nemendur verði í heimaskóla með stuðningi. Stofnuð verði sérdeild í hverju hverfi borgarinnar fyrir nemendur með vægari þroskaskerðingu (greind 60-75)
Sérdeildirnar þjóni svipuðu hlutverki og sérskólinn. Skólinn verður sérhæfður ráðgjafaskóli og öflug ráðgjöf verði veitt til kennara í sérdeildum og almenna grunnskólanum
4)
Starfsemi Safamýrarskóla og Öskjuhlíðaskóla verði sameinuð í skóla Öskjuhlíðar og Vesturhlíðaskóla. Skólinn verði fyrir allt að hundrað fjölfatlaða og verulega þroskahefta nemendur. Yngri nemendur verði í Vesturhlíðaskóla og eldri nemendur verði í Öskjuhlíðarskóla.(Önnur skipting td. mismunandi fatlanir kemur einnig til greina) Í húsnæði Vesturhlíðaskóla verði rekin skóladagvist og tómstundatilboð.Sundlaug verði byggð við skólann. Byggðar verði ein sérdeild fyrir nemendur með þroskaskerðingu (greind 60-75) í hverju hverfi borgarinnar. Sérdeildirnar þjóni svipuðu hlutverki og sérskólinn. Skólinn verði sérhæfður ráðgjafaskóli og öflug ráðgjöf verði veit við kennara í sérdeildum og almenna grunnskólanum.
5)
Öskjuhlíðaskóli verði með óbreytta starfsemi en byggður verði nýr Safamýrarskóla við hlið eins grunnskóla borgarinnar og saman myndi þeir tvíburaskóla. Hér þarf að taka tillit til kennslu –og þjálfunarrýmis, sundlaugar og tækja- og hjólastóla aðstöðu, alls xxx fermetra
6)
Starfsemi skólanna verði óbreytt í því húsnæði sem nú er fyrir hendi
Inntaka verði endurmetin og gert ráð fyrir að í skólunum tveimur geti verið allt að 115 þroskaheftir og fjöfatlaðir nemendur.

VINNUREGLUR I

Viðmiðunarstig fatlana vegna greiðslna úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga

(Miðað við alþjóðlega skilgreiningu á viðkomandi fötlun og að viðkomandi falli undir lög um málefni fatlaðra og sé eða verði skráður hjá Greiningarstöð sbr. 16. gr. laga um málefni fatlaðra, 7. millig.)

I.	II.	III.	IV.	V.	VI.
Hreyfihamlanir	*Þroskahamlanir*	*Málhamlanir*	*Gagnt. þroskahaml.*	*Skynhamlanir I*	*Skynhamlanir II*
Alvarlegar hreyfihamlanir. Bundin hjólastól, þurfa mikla aðstoð við athafnir daglegs lífs, tjáskipti.	Alvarlegar þroskahamlanir. Mikil aðstoð við athafnir daglegs lífs, stýring og eftirlit, þálfun.		Einhverfa og ódæmig. einhverfa. Alvarleg einhverfueinkenni auk þroskahömlunar, mikil aðstoð í daglegu lífi, umhverfismeðferð.	Blinda	Alvarleg heyrnarskerðing. Háður táknmáli.
Miðlungs hreyfihamlanir. Stafir/hækjur, nokkur aðstoð við athafnir daglegs lífs.	Miðlungs þroskahamlanir. Nokkur aðstoð við athafnir daglegs lífs, eftirlit.		Miðlungs einhverfa. Miðlungs einhverfueinkenni, væg greindarskerðing, miðlungs aðstoð og stýring.	Veruleg sjónskerðing. Þörf á hjálpartæki.	
Vægari hreyfihamlanir. Spelkunotkun, aðstoð við klæðnað.	Vægar þroskahamlanir. Þjálfun í athöfnum daglegs lífs	Veruleg skerðing á almennum málþroska, samfara eðlilegri verklegri greind. Málþroskavísitala undir 70			Veruleg heyrnarskerðing. Háður heyrnartæki.

frh...

Ólafur Guðmundsson, Málfríður Lorange, 02.07 1997

VINNUREGLUR II

Viðmiðunarstig þroska- og geðraskana vegna greiðslna úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga

(Miðað er við alþjóðlega skilgreiningu á viðkomandi röskun og að barnið sé metið hjá Barna- og unglingageðdeild Landspítalans, sbr. reglugerð um jöfnunarframlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til reksturs grunnskóla, 4. gr.a.)

	Samsettar þroska- og geðraskanir				Alvarlegar innhverfar geðraskanir			
	I.		II.		III.		IV.	
Nr.	*Fjölþátta hegðunartruflanir*		*Gagntækar þorskahamlanir*		*Geðklofi og geðhvarfasjúkdómar*		*Verulegar truflanir er varða tilfinningar og félagslega aðlögun*	
1.					Geðhvarfasjúkdómur. Alvarleg einkenni			
2.	Alvarlegur athyglisbrestur með ofvirkni ásamt tveimur eða fleiri viðbótargreiningum, s.s. hegðunarröskun, Tourette heilkenni, þunglyndi og blandaðar sértækar þroskaraskanir.		Aspergerheilkenni. Alvarleg einkenni		Miðlungseinkenni geðklofa og geðhvarfasjúkdóma.		Alvarleg og langvarandi tengsla- og samskiptatruflun. Alvarleg kjörþögli.	
3.	Alvarlegur athyglisbrestur með ofvirkni ásamt einni eða fleiri viðbótargreiningum, s.s. hegðunarröskun, Tourette heilkenni, þunglyndi og blandaðar sértækar þroskaraskanir.							

Námskeið fyrir stuðningsfulltrúa í grunnskólum

Borgarholtsskóli í Grafarvogi b+ýður upp á 182 stunda námskeið fyrir starfandi stuðningsfulltrúa.2000. Kennt er í fjórum lotum og stendur hver þeirra frá fjórum dögum og upp í tvær vikur. Kennsla fer fram á þeim tíma sem nemendur eru ekki í grunnskólunum. Námskeiðið tengjast félagsþjónustubraut Borgarholtsskóla og er að fullu metið inn í nám á brautinni.

Almennar upplýsingar

Markhópur:	Starfandi stuðningsfulltrúar í grunnskólum
Markmið:	Að þátttakendur öðlist færni í að: ☺ aðstoða nemendur við daglegar athafnir og virka þátttöku í skólastarfi ☺ ýta undir stjálfstæði í námi og daglegum athöfnum ☺ aðstoða nemendur við að fylgja settum reglum og styrkja jákvæða hegðun ☺ leiðabeina um rétta líkamsstellingu og notkun verkfæra og hjálpartækja ☺ aðstoða nemendur í félagslegum samskiptum innan og utan kennslustofu ☺ aðstoða nemendur við að ná settum markmiðum ☺ veita fyrstu hjálp ef slys ber að höndum
Umfang:	182 kennslustundir.
Tími:	Kennt er í fjórum lotum og vinna nemendur verkefni sem tengjast starfi þeirra þess á milli.

Námsáfangar:

Stuðningsfulltrúanámið er byggt upp af eftirfarandi áföngum. Tölur innan sviga tilgreina vægi í einingum. Hver eining samsvarar 14 kennslustundum skv. reglum um kennslu í öldungadeildum.

Stuðningsfulltrúi í grunnskóla (1): Fjallað er um hlutverk og ábyrgð stuðningsfulltrúa í grunnskólum og tengsl við aðra starfsmenn innan og utan skóla. Gerð er grein fyrir skipulagi grunnskóla og hlutverki þeirra sem uppeldis- og fræðslustofnana.

Kennslustofan og nemandinn (3): Farið er yfir leiðir til að skapa örvandi og öruggt umhverfi í kennslustofunni. Fjallað er um undirbúning kennslustunda. Kenndar eru helstu aðferðir til að aðstoða nemendur og leiðbeint um hvernig hægt er að beina athygli þeirra að námi og leik.

Hegðun og atferlismótun (3): Gerð er grein fyrir árangursríkum aðferðum til að kanna og skrá hegðun og námsástundun nemenda og kenndar aðferðir atferlisvísinda til að styrkja jákvæða hegðun. Fjallað er um siðferði tengt atferlismótun.

Samskipti (2): Fjallað er um samskipti stuðningsfulltrúa við nemendur, kennara, foreldra og aðra innan og utan skólans. Leiðbeint er um aðferðir til að takast á við togstreitu og árekstra.

Fatlaðir nemendur og sérkennsla (3): Fjallað eru um fatlaða nemendur og nemendur með sértæka námserfiðleika. Gerð er grein fyrir helstu hugtökum, matsaðferðum, verkaskiptingu skóla og annarra stofnana og helstu aðferðum og hjálpartækjum sem notuð eru við kennslu og þjálfun.

Skyndihjálp (1): Nemendum kennd rétt viðbrögð við slysum og óhöppum.

Námsmat

Mat verður lagt á vinnu nemenda samhliða kennslu (símat). Einkum verður litið til ástundunar í tímum, verkefnaskila og frágangs á vinnumöppu. Gefnar verða einkunnir á kvarðanum 1 til 10 fyrir hvern og einn námsáfanga. Lágmarksárangur í hverjum áfanga er einkunnin 5. Mætingarskylda er í kennslustundir og góðrar ástundunar krafist.

Námsgögn og námslok

Fjölrit og annað efni verður afhent í kennslustundum. Vinnumappa verður afhent nemendum í upphafi námskeiðs.

Leiðbeinandi ferill fyrir skóla um meðhöndlun mála nemenda með sérþarfir

Tilgangur þessarar leiðbeinandi ferilslýsingar

Tilgangurinn er að stuðla að markvissri meðhöndlun barna með sérþarfir og auðvelda kennurum að skipuleggja nám og kennslu þeirra barna. Vonast er til að ferillinn leiði til hnitmiðari og árangursríkari vinnubragða og geri hlutverkaskiptingu skýrari.

Helstu áhersluatriði

- Hlutverk og ábyrgð umsjónarkennara gagnvart nemanda í gegnum allt ferlið
- Mikilvægi skráningar, einstaklingsnámskrár og samráðs við foreldra frá byrjun
- Stuðningur við umsjónarkennara
- Ábyrgð skóla á öllum nemendum sínum
- Heildarsýn yfir aðstæður nemanda
- Skilvirkni sérfræðiþjónustu

Hvernig er ætlast til að ferillinn nýtist

Ferlinum er ætlað að nýtast sem leiðarvísir fyrir starfsfólk skóla varðandi það hvernig brugðist skal við sérþörfum nemenda. Ferillinn á við í flestum eða öllum tilvikum þar sem um er að ræða nemendur með sérþarfir. Í ákveðnum tilvikum er fullnægjandi að veita nemanda stuðning með sérkennslu eða breyttri námsskrá án þess að utanaðkomandi sérfræðiaðstoðar þurfi að koma til.

Kennsluráðgjafarnir Anna Lilja Sigurðardóttir, Friðbjörg Ingimarsdóttir, Hrund Logadóttir og sálfræðingarnir Hákon Sigursteinsson og Ingibjörg Markúsdóttir unnu þessa ferilslýsingu.

1. Umsjónarkennarinn fylgist með námi og þroska nemandans og sér til þess að hann fái kennslu við hæfi (sbr. 24. greinar laga um grunnskóla og 12. greinar reglugerðar um sérkennslu)

- Umsjónarkennari ...
  - Hefur samráð við foreldra.
  - Leggur mat á vanda og styrkleika nemandans.
  - Athugar eldri gögn sem til eru um nemandann.
  - Endurskoðar markmið, námsefni og kennsluaðferðir.
  - Leitar ráðgjafar innan skólans.

2. Umsjónarkennari og sérkennari / fagstjóri- / deildarstjóri í sérkennslu í samvinnu

- Umsjónarkennari upplýstir foreldra um stöðu mála og þeir hafðir með í ráðum.
- Umsjónarkennari leitar samráðs við sérkennara / fagteyma innan skólans.
- Umsjónarkennari og sérkennari setja upp athuganir í bekk ef þörf er á og þau úrræði skoðuð sem skólinn hefur yfir að ráða.
- Sérkennari gerir viðeigandi greiningar á barninu.
- Einstaklingsnámsskrá unnin af umsjónarkennara og sérkennara og komið í framkvæmd.
- Umsjónarkennari hefur samráð við foreldra um einstaklingsnámskrá.

3. Umsjónarkennari, fagstjóri- / deildarstjóri í sérkennslu og nemendaverndarráð skólans í samvinnu

- Umsjónarkennari leggur mál nemandans fyrir nemendaverndarráð skólans.
- Nemendaverndarráð skólans skoðar feril málsins og fyrirliggjandi gögn og leitar frekari úrræða innan skólans (stuðningur, sérkennsla o.s.frv.).
- Einstaklingsnámskrá endurskoðuð í framhaldinu af umsjónarkennara og sérkennara.
- Umsjónarkennari hefur samráð við foreldra um endurskoðaða einstaklingsnámskrá.
- Nemendaverndarráð skólans vísar máli nemandans til sérfræðiþjónustu skólans eða þjónustustofnana utan skóla ef endurskoðuð einstaklingsnámskrá eða íhlutun ber ekki árangur.

4. Sérfræðiþjónusta skólans og skólinn í samvinnu

- Mál nemandans lagt fyrir sálfræðing og/eða kennsluráðgjafa.
- Námsumhverfi og úrræði skoðuð í samstarfi við umsjónarkennara (bekkurinn, kennsluaðstæður, námskrá o.sfrv.).
- Greiningar og athuganir gerðar (á þroska, námsgetu/stöðu, samskiptum, hegðun, félagslegum tengslum o.s.frv.).
- Ef þörf er á, er **teymi** sett upp í kringum nemandann, sem í sitja t.d. umsjónarkennari, sérkennari, kennsluráðgjafi, sálfræðingur o.fl.
- Umsjónarkennari og sérkennari endurmeta einstaklingsnámsskrá út frá breyttum forsendum og ráðleggingum sérfræðings.
- Sérfræðingur gerir áætlun um eftirfylgd í samráði við umsjónarkennara.
- Nemendaverndarráð ásamt sérfræðingi vísar málinu til sérhæfðrar þjónustu utan skólans:
  - ráðgjöf frá sérhæfðri sérdeild
  - ráðgjöf frá sérskóla
  - greining á GRR
  - greining og meðferð á BUGL
  - barnalæknir
  - greining hjá öðrum aðilum t.d.
    - heyrnar- og talmeinastöð
    - sjónstöð
  - félagsþjónustu/barnaverndarnefnd

5. Þegar niðurstaða greiningar utanaðkomandi greiningaraðila liggur fyrir eða ráðgjöf frá sérhæfðum úrræðum

- Samráð foreldra, umsjónarkennara, sérkennara, sálfræðings og kennsluráðgjafa skólans og sérhæfðra greiningar- og/eða ráðgjafaraðila utan skólans um niðurstöðu greiningar og endurskoðun úrræða innan skólans.
- Umsjónarkennari og sérkennari endurskoða einstaklingsnámskrá út frá breyttum forsendum.
- Nýrra úrræða leitað utan og /eða innan skólans, t.d. umsókn um skólavist í sérdeild eða sérskóla.
- Yfirmenn sérdeilda/sérskóla halda reglulega stöðufundi með heimaskóla til að fylgjast með framvindu náms hjá viðkomandi nemanda.